

SIGFRÍÐ VALDIMARSDÓTTIR

Íslandsmeistari í sjó- stangveiði ellefu sinnum

• heilsa

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

Dans, stjórnmal og siðferðisleg álitamál

Sérblað um skóla og námskeið

FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SIGMAR GUÐMUNDSSON

Fórnarlamb skemmd- arvarga í miðbænum

Rúða brotin í bil sjónvarpsmannsins

FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. janúar 2009 – 12. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Hefur sannað gildi sitt

Múlalundur, stærsta öryrkjavnustofa landsins, er fimmtíu ára.

TÍMAMÓT 16



Kate Winslet sigursæl

Leikkonan hlaut tvenn verðlaun á Golden Globe-verðlaunahátíðinni.

FÓLK 20



Hvað getum við gert?

„Stríðið sem nú stendur yfir í Gaza er þegar komið í kunnan farveg. Báðir aðilar hafa beitt ofbeldi gegn óbreyttum borgurum“, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 14


Stórsigur hjá Grindavík

Grindavík er komið í undanúrslit Subway-bikarsins eftir stórsigur gegn ÍR í gær.

ÍPRÓTTIR 22




VEÐRIÐ Í DAG



FROST í dag verður austan strekkingur allra syðst annars hægari. Snjócoma eða él sunnan og suðaustan til annars bjart með köflum með éljum á stangli. Frost 0-14 stig, kaldast inn til landsins.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... alla daga

Medallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæði 18-49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

Vanskilakröfur hlaðast upp

Alls var 17.541 einstaklingur og 5.938 fyrirtæki á vanskilaskrá um síðustu mánaðamót. Framkvæmdastjóri Creditinfo segir tölurnar yfirleitt endurspeglar fjölda heimila. Vanskil hafi byrjað að aukast ári fyrir hrun.

EFNAHAGSMÁL „Við sjáum mjög marga koma inn á vanskilaskrá sem aldrei hafa verið í vanskilum áður og kröfunum á þetta fólk fjölga mjög hratt. Ástæða er til að hafa af því áhyggjur að þessi hópur sé of ört vaxandi og nái ekki að rísa upp vegna þess að vanskilin hlaðast upp,“ segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo Ísland, sem skráir upplýsingar um vanskil einstaklinga og fyrirtækja. Um síðustu mánaðamót var 17.541 einstaklingur skráður á vanskilaskrá og 5.938 fyrirtæki.

Rakel segir að fjöldi einstakl-

inga á vanskilaskránni endurspeglar í flestum tilfellum fjölda heimila. „Í flestum tilfellum eru þetta heimili með börn, og í meirihluta tilvika er einungis annar aðilinn af tveimur lögráða á heimilinu kominn í vanskil, sem þýðir að heimilið er komið í vanskil.“

Rakel segir einnig verða vart við mikla aukningu í fjölda vanskila á hvern aðila. Þeir sem þegar séu komnir í vandræði sökkuví á miklum hraða í enn dýpra fen. Hinn 5. janúar síðastliðinn sendi Creditinfo út yfir 1.600 svokölluð „fjórta daga bréf“ þar sem fólk er gefinn

fyrirvari á skráningu á vanskilaskrá.

Að sögn Rakelar höfðu vanskil aukist hægt og sígandi í rúmlega ár fyrir hrunið mikla í byrjun október. Það hafi hins vegar haft þau áhrif að hraði vanskilaskráninga hafi aukist allt að fimmfalt. „Í september sáum við þegar fram á að hundruð stefndu í mjög alvarleg mál. Um þarsíðustu áramót var þjóðin að koma út úr mjög góðu tímabili og því hefði endurspeglun okkar ekki átt að sýna þessa miklu aukningu á vanskilum. Atvinnulíf- ið á skilið hrós fyrir að kalla eftir

gögnum og velta mikið fyrir sér hörfum og raunstöðu í þessum efnun, en betra hefði verið að opinberir aðilar hefðu átt slíkt hrós skilið,“ segir Rakel Sveinsdóttir.

Seðlabankinn hefur óskað eftir gögnum frá íslenskum bönkum um skuldir einstaklinga og fyrirtækja. Að sögn aðalhafgræðings Seðlabankans er ætluin að gera ítarlega úttekt á áhrifum banka- og gjaldþreppunnar á raunhagkerfið. Hugbúnaður íslenskrar erfðagreiningar verður notaður til að dulkóða upplýsingarnar.

- kg, bj / sjá síðu 8



TUNGLIÐ TUNGLIÐ TAKTU MIG Máninn skartaði sínu fegursta í gærmorgun. Flestir kannast við Bandaríkjamennina Neil Armstrong og Buzz Aldrin, sem fyrstir manna stigu á tunglið í leiðangri Apollo 11 í júlí 1969. Þriðji meðlimur leiðangursins, geimfarinn Michael Collins, er hins vegar mörgum gleymdur enda beið hann spakur inni í geimfarinu meðan þeir Neil og Buzz sprönguðu um mánann.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Breskt tímarit leggur fimm opnur og forsíðuna undir mikla umfjöllun um Ísland: Geir hefur áhyggjur af unga fólkinu

EFNAHAGSMÁL Geir Haarde forsætisráðherra viðurkennir í viðtali við breska tímaritið Monocle að hann hafi áhyggjur af því að unga fólkinu fletti úr landi.

„Það er mikil áskorun fyrir okkur öll að tryggja að svo fari ekki. Við erum lítið eysamfélag og það er alltaf freisting fyrir ungt menntafólk að flytja sig í grænni haga. En þetta er sérlega mikil áskorun núna eftir bankahrunið og efnahagsleg áhrif þess,“ segir forsætisráðherra við Monocle.

Forsíðu febrúarútgáfu Monocle prýðir ung stúlka í íslenskri lopapeysu. Inni í blaðinu er fjallað um Ísland á fimm



opnum. Rætt er við fjölmarga Íslendinga um áhrif hruns fjármálakerfisins og framtíðarhorfur þjóðarinnar. Margir eru svartsýnir og hyggjast jafnvel yfirgefa landið. Aðrir eru bjartsýnni. „Þetta eru tímar ótrúlegra tækifæra. Við fórum fyrst niður. Og við verðum fyrst upp aftur,“ hefur Monocle eftir Markúsi Mána Michaelssyni handboltakappa.

Bláamaður Monocle bendir á að Íslendingar hafi áður lent í miklum áföllum. „Íslenski baráttuandinn gæti verið það sem dregur þá út úr þessu,“ segir Monocle.

- gar

Aukinn hernaður Ísraela:

Bush ítrekar stuðning sinn við Ísraela

ÍSRAEL, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti ítrekaði í gær stuðning sinn við hernaðaraðgerðir Ísraela á Gazasvæðinu og sagði það undir Hamas komið hvort vopnahlé kæmist á. Á sama tíma fordæmdi Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna árási Ísraela og samþykkti að senda nefnd á vettvang til að kanna brot Ísraela gegn Palestínubörnum.

Loftárásir og landhernaður héldu áfram af fullum þunga á Gaza í gær og var sérstaklega ráðist á heimili helstu leiðtoga Hamas-samtakanna. Allt benti til þess að Ísraelar ætluðu að herða enn hernaðinn inni í hverfum borganna.

- gb, kg / sjá síðu 6



BJÖRGVIN HALLDÓRSSON



BUBBI MORTHEMS

Stórtónleikar í haust:

Bó og Bubbi saman á sviði

TÓNLIST Sögulegir stórtónleikar eru nú í undirbúningi en fyrirhugað er að tveir ástsælustu tónlistarmenn landsins, Björgvin Halldórsson og Bubbi Morthens, taki höndum saman og setji upp sýningu í Laugardalshöll í haust. Björgvin staðfestir þetta og segir verkefnið á hugmyndastigi. Bubbi tekur í sama streng.

Poppfræðingar hafa löngum stíllt þeim Bó og Bubba upp sem andstæðum pólum eða allt frá því að þónkrokkid hélt innreið sína snemma á níunda áratug síðustu aldar. Bubbi segir hins vegar ekki hafa verið grunnt á því góða þeirra á milli, að af sinni hálfu ríki fullkomin virðing fyrir Bó.

- jbg / sjá síðu 26

Allt fyrir skrifstofuna

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

17% afsláttur af öllum blæk og durtthylkjum

Frí dagbók með öllum pöntunum í janúar

Office 1 Superstore

janúar tilboð



Safnaðu þekkingu

Sæktu þér aukinn styrk

MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

- Rústað: Námskeið og leiksýning um samtímaleikritun
hefst 22. janúar
- Eftir jólabókafloðið: Yndislestur með Katrínu Jakobsdóttur
hefst 27. janúar
- Pilgrímaleiðin til Santiago de Compostella - aukanámskeið
hefst 2. febrúar
- Lúther í pólitík, myndlist og bókmenntum
hefst 3. febrúar
- Gunnlaugs saga ormstungu og Heiðarvígasaga
hópur I hefst 3. febrúar - EINNIG Í FJARFUNDI
hópur II hefst 5. febrúar
- Kína: Menning, land og saga
hefst 4. febrúar - EINNIG Í FJARFUNDI
- Konurnar í Biblíunni: Frá Evu til Maríu móður Guðs
hefst 5. febrúar - EINNIG Í FJARFUNDI
- Samskipti foreldra og barna
hefst 11. febrúar
- Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
hefst 22. janúar
- Að skrifa texta á ensku - viðskiptaenska
hefst 26. janúar
- Spænska I
hefst 2. febrúar
- Ítalska af lífi og sál - Námskeið fyrir byrjendur
hefst 2. febrúar
- Ítalska af lífi og sál - framhald
hefst 4. febrúar

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

- Excel I - fjármál og rekstur
hefst 26. janúar
- Skattamál - nýlegar breytingar
haldið 27. janúar
- Lestur ársreikninga
hefst 3. febrúar
- Excel II - fjármál og rekstur
hefst 5. febrúar
- Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri
haldið 9. febrúar

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

- Leiðtogahefni í lífi og starfi
hefst 29. janúar - EINNIG Í FJARFUNDI
- Sjálfsvíg ungs fólks
hefst 6. febrúar
- Samtalaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
hefst 9. febrúar

SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

- Rafræn stjórnýsla
haldið 23. janúar - EINNIG Í FJARFUNDI

STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN

- Verkefnastjórnun - þitt val: Verkefni og verkefnastjórnun
haldið 26. janúar
- Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 27. janúar
- Vinnusálfræði í þrengingum
hefst 2. febrúar
- Stefnumótun í eigin lífi - snúðu vörn í sókn
hefst 3. febrúar
- Verkefnastjórnun - þitt val:
Grunnatriði áætlanagerðar í verkefnum
haldið 10. febrúar

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

- Íslenski þroskalistinn
haldið 21. janúar
- Samtalaðferðir í hugrænni atferlismeðferð fyrir
náms- og starfsráðgjafa
hefst 26. janúar
- Smábarnalistinn: Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum
haldið 28. janúar
- Að kenna kristin fræði með kvikmyndum:
Píslarsaga og páskar
hefst 5. febrúar

HUGBÚNAÐUR

- David Platt hjá Endurmenntun
haldið 4. febrúar

Mörg stéttarfélag styrkja félagsmenn sína til náms. Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,30	125,90
Sterlingspund	187,52	188,44
Evra	167,70	168,64
Dönsk króna	22,501	22,633
Norsk króna	17,786	17,89
Sænsk króna	15,590	15,682
Japanskt jen	1,3913	1,3995
SDR	190,41	191,55

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206.3004
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra um breytingar á sjúkrastofnunum:

Augljóst að gott samstarf er nauðsyn

STJÓRN MÁL „Mér hefur ekki fundist annað en að Þorgerður [Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra] hafi verið að styðja mig í þessu,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra um gagnrýni Þorgerðar á skort á samráði við breytingar á St. Jósefsspítala. „Hún tók til máls á fundinum [í Hafnarfirði] og benti á það augljósa, að það þurfi að halda góðu samstarfi við aðra aðila og ég er hjartanlega sammála henni í því.“

Guðlaugur segist hafa látið Lúðvík Geirsson, bæjarstjóra í Hafnarfirði, vita um breytingarnar um leið og þær komu upp og þeir hafi fundað sérstaklega um heilbrigðismálin



HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Guðlaugur Þór segir sameiningu heilbrigðisstofnana fela í sér mikinn sparnað í yfirstjórn.

í Hafnarfirði í byrjun desember. „Hins vegar liggur fyrir að við þurfum að vinna þetta mun hraðar en kjöraðstæður hefðu leyft. Við lögðum upp með vinnuhópa þar sem

í eru fulltrúar St. Jósefsspítala, enda hugmyndin að þeir séu í forystu, bæði varðandi nýja deild á Landspítalanum og á Reykjanesi.“

Hann segir að með því að fækka opinberum stofnunum úr 22 í sex sé miklum sparnaði náð fram í yfirstjórn. Valkostirnir hafi verið skýrir. „Ég var algjörlega meðvitaður um að þetta er krefjandi verkefni og bjóst ekki við öðrum viðbrögðum en fram hefur komið. Hins vegar er hinn valkosturinn óásættanlegur. Með þessu erum við að reyna að halda hækkunum á þjónustugjöldum í lágmarki og sömuleiðis að halda uppi eins háu þjónustustigi og við mögulega getum.“ - ss

Tölvupóstur Baracks Obama: Enn óákveðinn um BlackBerry

WASHINGTON, AP Barack Obama er enn að bræða með sér hvort hann



BARACK OBAMA

hyggist hætta notkun BlackBerry-farsíma þegar hann tekur við embætti Bandaríkjaforseta. Embættismenn í Hvíta húsinu hafa lýst áhyggjum yfir því að löggjafarþingið gæti mögulega krafist þess að fá að sjá tölvupóst forseta, þar sem pósturinn gæti fallið undir reglur um opinber skjöl.

Obama sagði í viðtali við Today-þáttinn á NBC að notkun BlackBerry-farsíma væri áhyggjuefni fyrir leyniþjónustuna og lögfræðinga, en þó nauðsynlegt tæki til þess að hann geti haldið sér í tengslum við hið daglega líf.

Forsetarnir fyrrverandi George W. Bush og Bill Clinton notuðu ekki tölvupóst í starfi sínu. - kg

LEIÐRÉTTING

Í grein Krístrúnar Heimisdóttur um utanríkismál í blaðinu í gær féll út orð. Fyrsta málsgrein þriðju efnisgreinar á að vera svona: Ríkisstjórn Íslands er ekki fjölskipað stjórnvald og hver ráðherra hefur forræði í sínum málaflokki.

ÁRÉTTING

Nafn þýðanda greinar Carstens Valgreen, fyrrverandi aðalhafgarðings Danske Bank, sem birtist á laugardag féll niður. Þýðandinn er Valur Þráinsson hafgarðinemi og hafði hann jafnframt frumkvæði að því að greinin var skrifuð.

Áréttá skal að gagnrýni Aðalsteins Baldurssonar, formanns Framsýnar, í forsíðufrétt blaðsins í gær beindist eingöngu að lögbrotum fyrirtækja sem segja fólk upp en greiða því ekki uppsagnarfrest.

Fíkniefni tekin og smyglleið var lokað

Virkri smyglleið fíkniefna inn í fangelsið á Litla-Hrauni var lokað fyrir helgi þegar um 60 grömm af amfetamíni og önnur efni voru tekin. Smyglið fór þannig fram að efnun var komið fyrir í bílum þeirra sem áttu erindi í fangelsið.

FANGELSISMÁL Tugir gramma af fíkniefnum, sem átti að smygla inn í fangelsið á Litla-Hrauni voru teknir fyrir helgina. Með þessum aðgerðum tókst að loka smyglleið, sem talið er að hafi verið notuð um skeið, að sögn Páls E. Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar.

Það var á miðvikudag og föstudag sem um það bil sextíu grömm af amfetamíni, auk fleiri efna, náðust.

„Það voru fangaverðir á Litla-Hrauni sem lögðu hald á efnin,“ segir Páll. „Með þessum aðgerðum hafa þeir komið í veg fyrir, að því er virðist, að ákveðin smyglleið fíkniefna í fangelsið verði notuð frekar. Hún fólst í því að koma fíkniefnum fyrir í farartækjum þeirra sem eiga reglulega erindi í fangelsið. Efnin voru límd innan á bílbretti. Það sást til eins fanga sem kippti bögglinum undan brettinu.“

Páll segir að það sé vægast sagt mjög vel að verki staðið hjá fangavörðunum að uppgötva þessa smyglleið, enda sé álagið mjög mikið og mikið aðhald í gangi.

„Ég er sérlega ánægður með þessa frammistöðu,“ segir hann enn fremur. „Það er hreint frábært að þarna skyldi nást þessi stóri áfangi í baráttunni gegn eiturfjasmagli inn í fangelsið. Þá er mikilvægt að taka það fram, að með samstilltu átaki hefur verið lagt hald á talsvert meira af fíkniefnum en áður og ráðist gegn þessu böli með tvennum hætti. Annars vegar er það að efla leit og



LITLA-HRAUNI Með samstilltu átaki hefur verið lagt hald á talsvert meira af fíkniefnum á Litla-Hrauni nú en áður. Lokun á virkri smyglleið er stór áfangi í baráttunni gegn þessum vægasti í fangelsinu.

eftirlit og hins vegar starfræksla meðferðar- og edrúgangs. Þarna er stór hópur fólks sem hefur það sameiginlega markmið að koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu í fangelsinu.“

Páll segir alls ekki ólíklegt að þessi aðferð, að smygla fíkniefnum með farartækjum sem notuð eru til ýmissa flutninga í fangelsið, hafi verið notuð í einhvern tíma.

Spurður um framtíð meðferðargangsins á Litla-Hrauni í þeirri öldni niðurskurðar sem opinberar stofnanir þurfa nú að kljást við þessa daga segir Páll að hann verði starfræktur áfram.

„Hann hefur sannað sig eins og best verður á kosið. Hann verður rekinn áfram í óbreyttu formi.“

jss@frettabladid.is



PÁLL E. WINKEL Stór áfangi í baráttunni gegn eiturfjasmagli inn í fangelsið.

Brugðist við óánægju: Felldu úr gildi systkinaforgang

SAMFÉLAGSMÁL Yngri systkini barna á leikskólum í Reykjavík hafa ekki lengur forgang inn í leikskólana. Þetta samþykkti leikskólaráð í haust.

Forgangurinn var þannig að barn fætt seint á árinu komst jafnvel fyrr að en barn fætt snemma sama ár, ef það átti eldra systkini á leikskólanum.

„Þetta var fyrst og fremst jafnræðismál og tengdist ekki fjárhagsáætlanagerð borgarinnar,“ segir Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri hjá leikskólavíði. „Þessu var breytt til að bregðast við óánægjuröddum foreldra.“ - hhs



HELGUVÍK Framkvæmdir í Helguvík hófust í haust.

Kæra kemur fyrir ekki: Byggingarleyfi í Helguvík stenst

SKIPULAGSMÁL Kröfu Náttúruverndarsamtaka Íslands um að ógilda ákvarðanir sveitarstjórnar Garðs og bæjarráðs Reykjanesbæjar um að veita leyfi til byggingar álvers í Helguvík er hafnað. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála segir að ákvarðanir sveitarstjórnanna frá því í fyrrasumar hafi ekki haft nokkra annmarka sem leiða ættu til ógildingar ákvarðana. Skipulagsstofnun telji að álverið sjálft valdi ekki verulegum neikvæðum og óafturkræfum áhrifum. Rétt hafi verið hjá Reykjanesbæ og Garði að líta fram hjá fyrirvara Skipulagsstofnunar um hugsanleg áhrif tengdra framkvæmda. Engin lagaheimild væri fyrir slíkum fyrirvara. - gar

BLÖNDÓS

Rukka fyrir Landspítalann

Til greina kemur að sýslumaðurinn á Blönduósi annist í framtíðinni alla innheimtu fyrir Landspítalann. Sýslumaðurinn á Blönduósi annast rekstur Innheimtumíðstöðvar sekta og sakarkostnaðar.

STANGVEIÐI

Samið um Blöndu og Svartá

Stjórn Veidifélags Blöndu og Svartár í Austur-Húnavatnssýslu hefur samið um áframhaldandi leigu ána til næstu fimm ára við fyrirtækið Lax-á. Samningurinn verður borinn upp á félagsfundum á morgun.

-það hagkvæmasta sem við bjóðum í prentun

betri kaup

A5 Bæklingar

4 síður - 1000stk **38.943 kr***

LÆGRA VERÐ - SÖMU GÆÐI

Vörusýsing: 150g papíri prentaður í fullum lit, brottinn. Vinnslutími er alltaf 4 virkir dagar. Frá þriðjudegi til föstudags og svo föstudags. Skila þarf gögnum til Odds fyrir kl. 12:00 á skiladegi og þarf prófark að vera samþykkt fyrir kl. 14:00 sama dag. Varan er tilbúin á afgreiðslulagur Odda að Höfðabakka 7. *Verð er gefið upp án 24,5% vsk. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík
sími 515 5000, www.oddii.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

BYRJAR AÐ HLÝNA Á MORGUN

Það má búast við töu-verðu frosti til landsins í dag, einkum þó norðan til og austan. Á morgun hlýnar nokkuð með ströndum og gæti orðið þriggja til fjögurra stiga hiti með ströndunum en þetta hlýja loft nær illa eða ekki inn á landið. Til þess þarf meiri vind. Á fimmtudag hvessir töluvert og þá á ég von á að nokkuð hlýni á öllu landinu með rigningu og slyddu norðan til.

Á MORGUN 1-10 m/s hvassast austan til á landinu.

FIMMTUDAGUR 13-20 m/s víðast hvar

HEIMURINN

Alicante	14°
Amsterdam	4°
Basel	3°
Berlín	1°
Billund	6°
Eindhoven	2°
Frankfurt	2°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	19°
London	9°
New York	5°
Orlando	19°
Ósló	3°
París	4°
Róm	12°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Parftu að láta breyta þér í Símaskránni 2009?

Móttöku auglýsinga og
skráninga í Símaskrána 2009 fer senn að ljúka.
Ef þú vilt breyta skráningu þinni eða fyrirtækis þíns hafðu þá samband
við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200, farðu inn á ja.is eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.
Skráningu lýkur 31. janúar 2009.

já er svarið

Þú ert ekkert
númer ef þú ert ekki
í Símaskránni.



KJÖRKASSINN



Hefur þú tekið þátt í mótmælum vegna ástands efnahagsmála á Íslandi?

Já 29,5%
Nei 70,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er í lagi að fyrirtæki misnoti atvinnuleysisbætur?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Ekki lagaheimild til að veita upplýsingar úr skýrslum endurskoðunarfyrirtækja:

FME hraðar yfirferð sinni

EFNAHAGSMÁL Fjármálaeftirlitinu (FME) er óheimilt að gera opinberar niðurstöður endurskoðunarfyrirtækja sem unnið hafa skýrslur um ákveðna þætti sem tengjast rannsókn eftirlitsins á viðskiptabönkunum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá eftirlitinu.

FME hefur frá því um miðjan október rannsakað hvort lög hafi verið brotin í viðskiptabönkunum, sem komust í þrot í byrjun október. Meðal þess sem er til rannsóknar eru viðskipti með verðbréfum, og markaðssetning og fjárfestingar peningamarkaðssjóða bankanna. Endurskoðunarfyrirtæki hafa skilað bankanum skýrslum um



STARFSFÓLKI FME FJÖLGAD Jónas Fr. Jónsson er forstjóri FME. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kaupþing og Landsbankann. Von er á þriðju skýrslunni þar sem fjallað verður um Glitni.

Í tilkynningu FME segir að hafin sé vinna við að fara yfir þessar skýrslur með það fyrir augum að

sannreyna hvort lög hafi verið brotin. Þeirri úrvinnslu verði hraðað eins og kostur er, meðal annars með því að bæta tímabundið við sérfræðingum hjá FME.

Fjölmiðlar hafa óskað eftir upplýsingum um efni skýrslna endurskoðunarfyrirtækjanna, en FME hefur ekki viljað afhenda þær.

„Í þeim tilvikum sem niðurstöður benda til refsiverðs verknaðar verður beitt stjórnvaldssektum eða málum vísað til lögreglu. Veittar verða upplýsingar um niðurstöður rannsókna á þann hátt sem lög leyfa og eftir því sem verkinu vindur fram,“ segir í yfirlýsingu eftirlitsins. - bj

Seðlabanki Íslands: Fjárhagurinn endurreistur

EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Íslands mun afskrifa 75 milljarða af kröfum fjármálafyrirtækja þar sem legið hefur fyrir að hann verði óstarfhæfur ef fjárhagur hans verður ekki endurreistur. Nú hefur það verið gert með þessum hætti og reikningurinn verður sendur skattgreiðendum.

„Hér er verið að bregðast við þeirri staðreynd að fjárhagur Sí var mjög laskaður. Hans eigið fé hafði þornað upp eftir miklar lánveitingar til ýmissa fjármálastofnana gegn ótryggum veðum,“ sagði Ólafur Ísleifsson hagfræðingur í fréttum Stöðvar 2 í gær. - ghs



Í Markaðnum á morgun

HVAÐ VERÐUR UM SMÁSÖLUVERSLUN Á NÝJA ÁRINU?

ÁTTA HOLLRÁÐ UM FRAMSETNINGU EFNIS Á INTERNETINU.

SKORTSTÖÐUR OG LÁN Í ERLENDRI MYNT.

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun



Bjartur Jörfi Ingvason

„Ég hef verið vinur síðan ég fæddist“

Veldu þér vinarúmer í síma 552 2150 eða á sibs.is

Drögum á morgun

HAPPDRÆTTI



...fyrir lífið sjálft

Liðsauki Ísraelshers inn á Gazasvæðið

Ísraelar búa sig undir að herða enn árásir sínar á Gazasvæðið, sem til þessa hafa kostað hátt í þúsund manns lífið, þar af hundruð barna. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna fordæmir hernaðinn en Bush ítrekar stuðning sinn.

ÍSRAEL, AP Þúsundir varaliða ísraelska hersins héldu í gær inn á Gazasvæðið til liðs við þúsundir ísraelskra hermanna, sem hafa undanfarna daga átt í illvígum hernaði þar gegn Palestínunönnunum.

Loftárásir og landhernaður héldu áfram af fullum þunga og var sérstaklega ráðist á heimili helstu leiðtoga Hamas-samtakanna. Allt benti til þess að Ísraelar ætluðu að herða enn hernaðinn inni í hverfum borganna á þessu þéttbýla 360 ferkílómetra svæði þar sem hálf önnur milljón manna býr.

Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, sagði í gær sannfærð um að með árásum hafi Ísraelum tekist að koma Hamas í skilning um að Ísrael bregðist við af fullri hörku þegar íbúar þess verða fyrir árásum: „Þetta skilja Hamas-menn núna og það er svona sem við ætlum að bregðast við í framtíðinni ef þeir dirfast að skjóta svo mikið sem einu flugskeyti á Ísrael.“

Þrátt fyrir árásirnar tókst Hamas-mönnum að senda á annan tug heimagerðra sprengjuflauga yfir landamærin til Ísraels. Ein þeirra lenti á húsi í bænum Ashkelon, en ekkert manntjón varð.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, sagði að hernaðinum yrði hætt ef eldflaugaárásir á Ísrael hættu. „Öllu öðru verður mætt með járnhefa Ísraels,“ sagði hann. „Við munum halda áfram eins lengi og þörf krefur til að losa okkur undan þessari hættu.“

Að minnsta kosti sextán Palestín



RÚSTIR EINAR Palestínukona flytur dýnu úr rústum íbúðar sinnar í Rafah, sunnan til á Gazasvæðinu.

inumenn létu lífið í gær, en hernaðurinn á Gazasvæðinu hefur kostað hátt í þúsund Palestínumenn lífið, þar af eru hundruð barna, síðan hann hófst 27. desember síðastliðinn.

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna fordæmdi í gær árásir Ísraels og samþykkti að senda nefnd á vettvang til að kanna brot Ísraels gegn Palestínunönnunum. Í gær hvatti einnig Hans-Gert Pötte-ering, forseti Evrópuþingsins, bæði Ísraela og Hamas til þess að

hætta átökum. George W. Bush Bandaríkjaforseti ítrekaði hins vegar í gær stuðning sinn við hernað Ísraels, og sagði það undir Hamas komið hvort vopnahlé kæmist á.

Síðan árásirnar hófust hefur nokkuð verið um árásir á samkomuhús gyðinga í Frakklandi, Svíþjóð og Bretlandi. Nú síðast var tveimur eldsprengjum varpað á samkomuhús í París, en ekki er vitað til þess að nokkur hafi meiðst. gudsteinn@frettabladid.is

Neytendur: Kona í Garðabæ ekki sátt við Byr

Um greiðslukostnað



DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Flestir Íslendingar eru með íbúðarlán. Til að minnka mánaðarlega greiðslu er sniðugt að borga inn á höfuðstól lánsins, ef hægt er. En slík innaborgun kostar. Kona í Garðabæ er með lán hjá Byr og skrifar: „Ég er í tvígang búin að borga inn á lánið undanfarna mánuði. Borgaði milljón og þurfti að borga 19.608 í kostnað, borgaði tvær milljónir inn á lánið og greiddi 39.216 af því í kostnað. Það sviður mest að bankinn tekur tvö prósent af greiðslunni í kostnað, sama hvort maður borgar 10.000 eða 2.000.000! Vinnan er nákvæmlega sú sama í báðum tilfellum, hefði ég haldið.“

Almannatengill Byrs, Helga Guðrún Jónasdóttir, útskýrir þetta svona:

	Byr	Glitnir	Kaupþing	Lí	Spar	SPRON
Lán ekki skuldfært	490	550	510	490	490	590 kr.
án seðils	415	475	435	415	415	515 kr.
Lán skuldfært	195	195	225	195	195	195 kr.
án seðils	120	120	150	120	120	120 kr.

„Gjaldid endurspeglar nokkurs konar kostnaðarverð útlána, þ.e.a.s. þann kostnað sem fjármálafyrirtæki þurfa að bera vegna tapaðra tekna, þegar lán eru greidd hraðar upp en gjalddagar segja til um. Þarna er um ákveðna áhættu að ræða, sem fjármálafyrirtæki dreifa með umræddu gjaldi til þess að lágmarka kostnaðinn sem af henni hlýst. Gjaldid er svo eingöngu lagt á þær tegundir lána þar sem þessi áhætta er til staðar.“

Flestir borga af lánum sínum mánaðarlega. Kostnaður við hverju greiðslu er umtalsverður, minnstur ef lánið er skuldfært án greiðsluseðils. Samkvæmt heimasíðum bankanna er kostnaðurinn þessi:

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



OFURDAGUR
BENSÍNORKUNNAR

FÁÐU ÞÉR ÖRSMÁAN LYKIL AD MIKLU MEIRI SPARNAÐI



Í dag er Ofurdagur á Orkustöðvunum

-5 kr.

af dæluverði á öllum
stöðvum fyrir handhafa
Orkulykla

Fáðu þér
lykil að
sparnaði

Alltaf
2 króna
afsláttur


af dæluverði Bensínorkunnar
sem kannanir sýna að er
læggra en hjá öðrum aftur
og aftur og enn aftur!

Taktu svoltið
bleikari afstöðu
- spáðu í hvað
þú sparar!

Vertu með og veldu sparnað. Pantaðu nýja Orkulykilinn á www.orkan.is eða í síma 533 5123 og við sendum hann um hæl þér að kostnaðarlausu með innbyggðum 2 króna afslætti og 5 króna afslætti við fyrstu áfyllingu og á Ofurdögum Bensínorkunnar. **Vertu bleikari og fáðu ódýrara eldsneyti!**

Byrjaðu sparnaðinn á www.orkan.is

Á Ofurdögum gilda ekki aðrir afslættir. Viðskiptavinur fær ávallt þann afslátt sem hagstæðastur er hverju sinni.



SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

VEISTU SVARID?



- 1 Hvar héldu forsvarsmenn Frjálslynda flokksins fund um helgina?
- 2 Hvaða fyrirtæki flutti 50 tonn af eldisþorski til Evrópu yfir hátíðarnar?
- 3 Bók hvaða íslenska rithöfundar var valin glæpasaga mánaðarins í breskri bókabúð?

SVÖRIN ERU Á Síðu 26

Tveir sakborningar kæra saksóknara í Baugsmáli fyrir meint brot í opinberu starfi:

Kvarta yfir afhendingu ákæru

BAUGSMÁL Tveir af sakborningunum í þriðja hluta Baugsmálsins hafa kært Helga Magnús Gunnarsson, saksóknara efnahagsbrota, til ríkissaksóknara fyrir meint brot í opinberu starfi.

Þetta kom fram í máli Kristínar Edwald, verjanda Kristínar Jóhannesdóttur, í héraðsdómi í gær. Þar voru reifaðar kröfur Kristínar um að rannsókn í skattahluta málsins verði úrskurðuð ölmægæt, og til vara að Helgi Magnús viki sæti.

Helgi Magnús sendi fjölmiðlum afrit af ákæru í þessum hluta málsins 18. desember síðastliðinn, sama dag og ákæran var birt sakborningum. Í kæru Jóns Ásgeirs Jóhannes-



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON Saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, afhenti fjölmiðlum ákæru áður en hún var þingfest.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sonar og Kristínar Jóhannesdóttur til ríkissaksóknara kemur fram að

það gangi gegn fyrirmælum ríkissaksóknara til saksóknara frá árinu 1998.

Í fyrirmælunum kemur fram að eðlilegt sé að afhenda fjölmiðlum afrit af ákærum eftir að þær hafa verið birtar ákærðu og lesnar á opnu dómþingi. Þingfesting í þessum hluta Baugsmálsins er ráðgerð 20. janúar næstkomandi og því ekki búið að uppfylla skilyrði ríkissaksóknara fyrir því að afhenda ákærurnar.

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari staðfesti að kæra hefði borist. Hann segir að ekki hafi verið tekin afstaða til hennar, en það verði vonandi gert á næstu dögum.

Annir hjá Persónuvernd: Fleiri mál en færri starfsfólk

STJÓRNSÝSLA Persónuvernd hafði 1.285 mál til meðferðar á árinu 2008 og afgreiddi 1.072 þeirra áður en árið var á enda. Þetta kemur fram á heimasíðu stofnunarinnar. „Hjá Persónuvernd starfa nú auk forstjóra fjórir lögfræðingar sem sinna afgreiðslu erinda en starfsfólk hefur fækkað hjá stofnuninni þrátt fyrir vaxandi málafjölda,“ segir á persónuvernd.is. Kemur fram að stöðug aukning hafi orðið í fjölda innkominna erinda. Ekkert lát sé á þeirri þróun.

„Á sex ára tímabili frá 2002 til 2008 hefur fjöldi mála hjá Persónuvernd aukist um 63 prósent.“ - gar



BJÖRNINN UNNINN Landganga tveggja ísbjarna vakti mikla athygli í fyrra.

Orðið við fjölmörgum óskum:

Hvítbjörn á bæjarskrifstofu

NÁTTÚRUFRÆÐI Ísbjörninn sem felldur var á Skaga í fyrrasumar er nú til sýnis í glerbúri á bæjarskrifstofunni á Blönduósi.

Á vef bæjarins segir að Hafísetrið á Blönduósi hafi fengið birnuna til varðveislu en þar sem þar er aðeins opið á sumrin og vegna þess að margar óskir hafi borist frá fólki sem langaði til að virða uppstoppað dýrið fyrir sig hefur verið ákveðið að hafa það til sýnis á bæjarskrifstofunni þar til Hafísetrið opnar. Hvítbjörninn er eign Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Skoða skuldir einstaklinga

Seðlabankinn hefur óskað eftir gögnum frá íslenskum bönkum um skuldir einstaklinga og fyrirtækja. Hugbúnaður Íslenskrar erfðagreiningar verður notaður til dulkóðunar. Aðstæður kalla á víðtækar upplýsingar.

EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Íslands hefur óskað eftir ítarlegum upplýsingum frá íslenskum lánastofnunum um skuldir íslenskra heimila og fyrirtækja. Upplýsingarnar verða dulkóðaðar með hugbúnaði Íslenskrar erfðagreiningar.

Ætlunin er að gera ítarlega úttekt á áhrifum banka- og gjaldveyriskreppunnar á raunhagkerfið og fjármálastöðugleika í landinu, segir Arnór Sighvatsson, aðalhaf fræðingur Seðlabankans.

„Þetta verður nokkur nýbreytni í greiningarvinnu okkar, því þetta mun gefa okkur kost á að tengja saman ýmsar fjárhagslegar upplýsingar sem geta varpað skýru ljósi á það hversu stór hópur er í slæmri stöðu,“ segir Arnór.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa sumar þeirra fjármálastofnana sem afhenda eiga

upplýsingar lýst yfir efasemdum með að Seðlabankinn hafi heimildir til að safna persónugreinanlegum upplýsingum.

Arnór segist reikna með því að sótt verði um leyfi hjá Persónuvernd til að vinna með dulkóðaðar upplýsingar. Augljóslega verði að fara mjög varlega með persónugreinanlegar upplýsingar frá bönkunum.

Dulkóðunin verður framkvæmd með hugbúnaði frá Íslenskri erfðagreiningu, en líklega mun hún fara fram í hverri fjármálastofnun fyrir sig, frekar en að upplýsingarnar verði sendar til fyrirtækisins til dulkóðunar, segir Arnór. Íslensk erfðagreining muni ekki koma að málinu öðruvísi en að útvega hugbúnaðinn.

Aðstæður nú kalla á að afla sé víðtækari upplýsinga um skulda-



SEÐLABANKINN Rannsaka á áhrif fjármálakreppunnar á hagkerfið.

stöðu einstaklinga og fyrirtækja en áður, segir Arnór. Verkið er mjög umfangsmikið, og má búast við að niðurstöður verði komnar í byrjun árs 2010.

„Þetta er mjög mikilvægur þáttur í því að skilja áhrif fjármála-

kreppunnar á raunhagkerfið almennt, og ætti að nýtast við spágerð og þess háttar. Niðurstöðurnar munu einnig verða gagnlegar fyrir önnur stjórnmál við stefnumótun,“ segir Arnór.

brjann@frettabladid.is



Ford Genuine Design.
Ford leggur áherslu á fjölskyldugildin, gegnheila og einlæga hönnun. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford. Spurðu um Fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.

Veldu notaðan úrvalsbíl frá Brimborg
Skoðaðu notaða úrvalsbíla í sýningarsal Ford, Bildshöfða 6, í dag.

Nýtum það góða sem við eigum

<p>Ford Edge SEL Plus</p>  <p>Nýtum notaðan Ford</p> <p>3,5 V6 bensín sjálfskiptur Leður, 18" álf, dráttarbeiðslu ofl. Fast númer JG183 Skrd. 04/2007. Ek. 25.000 km. Ásett verð 5.490.000 kr. Aftsláttur 300.000 kr. Tilboðsverð 5.190.000 kr.</p>	<p>Ford Focus Ghia</p>  <p>Nýtum notaðan Ford</p> <p>1,6 bensín beinskiptur 5 dyra 16" álfelgur ofl. Fast númer VF471 Skrd. 07/2005. Ek. 57.000 km. Ásett verð 1.990.000 kr. Aftsláttur 300.000 kr. Tilboðsverð 1.690.000 kr.</p>	<p>Ford Escape XLS</p>  <p>Nýtum notaðan Ford</p> <p>2,3 bensín sjálfskiptur 15" álfelgur, þverbogar ofl. Fast númer OX777 Skrd. 06/2005. Ek. 30.000 km. Ásett verð 2.660.000 kr. Aftsláttur 310.000 kr. Tilboðsverð 2.350.000 kr.</p>
<p>Ford Explorer Sport Trac Limited</p>  <p>Nýtum notaðan Ford</p> <p>4,6 V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra Leður, tölvust. miðstöð, lok á palli ofl. Fast númer ZV322 Skrd. 05/2007. Ek. 30.000 km. Ásett verð 4.250.000 kr. Aftsláttur 360.000 kr. Tilboðsverð 3.890.000 kr.</p>	<p>Ford Fiesta Trend</p>  <p>Nýtum notaðan Ford</p> <p>1,4 bensín beinskiptur 5 dyra Fast númer TJ195 Skrd. 06/2007. Ek. 46.000 km. Ásett verð 1.990.000 kr. Aftsláttur 200.000 kr. Tilboðsverð 1.790.000 kr.</p>	<p>Ford S-MAX Titanium</p>  <p>Nýtum notaðan Ford</p> <p>2,0 bensín beinskiptur 7 manna Leður, dökk. rúður aftan ofl. Fast númer AX982 Skrd. 02/2007. Ek. 26.000 km. Ásett verð 4.360.000 kr. Aftsláttur 470.000 kr. Tilboðsverð 3.890.000 kr.</p>

Eingöngu bílar sem sérfræðingar Ford mæla með
Farðu á netið og skoðaðu Ford á notadir.brimborg.is

Komdu í kaffi og kleinur í sýningarsal Ford, Bildshöfða 6.



visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

ÚTSALA REKKJUNNAR

20-60% AFSLÁTTUR!

SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
47.120 kr.

RÚMSTÆÐI MEÐ
LAXTEX HEILSUDÝNU
ALLT AÐ
**30%
AFSLÁTTUR**

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
**KOSTAR NÚ FRÁ
89.000 kr.**

FJÖLSTILLANLEG
HEILSURÚM
ALLT AÐ
**30%
AFSLÁTTUR**

Þrýstjöfnunar-
svampsrúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
**KOSTAR NÚ
99.300 kr.**

SÆNGURVER
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
3.710 kr.

HEILSUKODDAR
**30%
AFSLÁTTUR**
Verð frá
5.530 kr.

rekkjan

„ORÐRÉTT“

Kjarnyrt lýsing á tapi

„Þeir fóru að ýta okkur út úr okkar eigin leikkerfum. Við hættum þá að leita að þeim lausnum sem við áttum að leita að.“

SIGURÐUR ÞORSTEINSSON, KÖRFU-BOLTAMAÐUR Í KEFLAVÍK, EFTIR TAP GEGN KR.

Morgunblaðið 12. janúar

Hægt að stóla á Árna

„Ég sé ekki eftir því að gott starfsfólk hafi góða stóla og ég vona að allir okkar starfsmenn hafi góða stóla.“

ÁRNI SIGFÚSSON, BÆJARSTJÓRI Í REYKJANESBÆ, UM STÓLA.

DV 12. janúar

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR KYNNINGARFULLTRÚI

Soffíu frænku við stjórnvölin

Það er í nógu að snúast í ársbyrjun hjá Krístrúnu Heiðu Hauksdóttur, kynningarstjóra í Þjóðleikhúsinu, en þar er Kardemommubærinn smám saman að taka á sig mynd. „Ég missti andlitið í gær þegar vörubíll kom frá Sviðsmyndum með turninn hans Tóbíasar – hann er sko enginn smásmíði. Leikmynd Brians Pilkington fyrir Kardemommubæinn sívinsæla var að koma í hús og var henni vippað af þræl-vönum höndum inn í leikhúsið á met tíma. Heimur Egneris er óðum að fæðast á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu og æfingar ganga frábærlega.“

Krístrún lofar fjörugum ræningjum og segir að ljónið – sem



hún hefur ávallt haldið mest upp á – fái loksins að sýna sitt rétt eðli. „Reyndar er að verða næsta uppselt á fyrstu tuttugu sýningarnar – ég held að hálf ef ekki öll þjóðin ætli að koma á Kardemommubæinn, að minnsta kosti ef marka má gjafakortasöluna á sýninguna fyrir jólin, hún fór svo langt fram úr væntingum að við þurftum að prenta þrjár umferðir af kortunum.“

Krístrún telur annars að það veiti ekkert af því að Soffíur þessa lands láti til sín taka í viðar í þjóðlífinu. „Það þarf að sópa út hér og þar í pólitíkinni og mörgum þarf að þvo rækilega um eyrun.“

FRÓÐLEIKUR

MINNIHLUTAR Í EVRÓPU

■ Íbúar Evrópu eru nú nærri 800 milljónir, þar af nærri 500 milljónir í Evrópusambandsríkjunum. Þessar 800 milljónir íbúa skiptast niður í 87 þjóðir, sem búa í 50 ríkjum, þar af 27 í Evrópusambandinu. Þrjátíu og þrjár þjóðanna hafa sitt eigið ríki að mestu út af fyrir sig, en hinar 54 þjóðirnar eru minnihlutahópar og oft fleiri en einn í hverju ríki. Rúmlega 100 milljónir af íbúum Evrópu tilheyrja þjóðernisminnihlutum, eða um fjórtán prósent allra Evrópubúa. Alls eru tölud um 90 tungumál í Evrópu.

tilveran

nær og fjær

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

LYFJAVER APÓTEK

NICOTINELL

Nicotinell Fruit 2 mg

JANÚARTILBOÐ: **VERÐ 4.459.-** FRUIT, 204 stk.

LYFJAVER - VERÐPRESSARINN!

SUÐURLANDSBRAUT 22

VIRKA DAGA 08:30 - 18:00
LAUGARDAGA 10:00 - 14:00

HJÚTÓK Jan.09

SJÓNARHÓLL
ÁSTANDIÐ Á GAZA

Eigum að sniðganga ísraelskar vörur

„Mér finnst að íslensk stjórnvöld eigi strax að fordæma árásir Ísraelsmanna á Gaza-svæðið.“ segir Aðalbjörg Þóra Árnadóttir leikkona. „Svo eigum við strax að skera á öll viðskipti við Ísrael meðan á þessu ógeðslega fjöldamorði stendur. Ef við gerum það ekki erum við beinlínis að styðja stríðsglæpamenn.“

Aðalbjörgu þykir allt of algengt að fólk taki ekki afstöðu í málefnum Ísraels og Palestínu. „Ég heyri allt of marga segiast ekki nenna að setja sig inn í þessi mál, þeir séu löngu búnir að missa þráðinn í þessari deilu. Fólk verður að átta sig á að ástandið hefur aldrei verið svona slæmt.“

Þá telur Aðalbjörg að fólk ætti að sniðganga ísraelskar vörur. „Grænmeti, ávextir og ferskar kryddjurtir sem er selt í búðum hér á landi kemur oft frá Ísrael. Með því að sniðganga það getur fólk sýnt sína afstöðu í verki.“



TEKIÐ Á PVÍ Þóra Hrönn Njálisdóttir og Sigurjón Pétursson æfa upp þolið fyrir Iron Dog-snjósleða-keppnina í Alaska sem verður í febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Microsoft

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

Ráðstefna sem sameinar það besta frá Convergence & Tech •Ed 2008

Grand Hótel Reykjavík, 19.–20. janúar, 2009

Convergence & Tech •Ed eru stærstu erlendu ráðstefnur sem Microsoft heldur ár hvert og fjöldi Íslendinga sækir þær að jafnaði

- Yfir 30 fyrirlestrar með hæfasta fólki Microsoft víðsvegar að úr heiminum
- Heimsfrumflutningur: Miha Kralj flytur fyrirlestur sinn „What the *cloud* is my CIO thinking?“ sem sérsaminn er fyrir Tech•Ed USA (febrúar 2009)
- Tony Krijnen frumkynnir Windows 7
- Dr. Neil Roodyn fjallar um þróun á Windows Live og Windows Azure
- Ráðstefnan er ekki síst áhugaverð fyrir forritara, tæknimenn og þá sem vilja kynna sér Dynamics viðskiptahugbúnaðar
- Ráðstefnan er öllum opin – aðgangur er ÓKEYPIS

Allar nánari upplýsingar og skráning á microsoft.is

Það besta frá **convergence & tech•ed 2008**

Fimbulkuldinn aftrar ekki för

Það er ekki heiglum hent að aka snjósleða rúmlega þrjú þúsund kílómetra leið í fimbulkulda í Alaska. Það ætla samt hjónin Þóra Hrönn Njálisdóttir og Sigurjón Pétursson að gera nú í febrúar þegar þau taka þátt í Iron Dog-snjósleða-keppninni.

„Ég er orðin mjög spennt, en það er auðvitað ákveðin pressa á mér að klára þetta,“ segir Þóra Hrönn Njálisdóttir, en hún og maðurinn hennar Sigurjón Pétursson leggja af stað í lok janúar til Alaska til að taka þátt í níu daga snjósleða-keppni.

Snjósleða-keppnin kallast Iron Dog og munu þau hjónin ferðast 3.172 kílómetra frá Anchorage til Nome og síðan þaðan til Fairbanks. „Við erum svokallaðir undanfarar,“ segir Þóra Hrönn sem er ein af þremur konum sem taka þátt, auk 80 karla. „Svo eru aðrir í keppninni sjálfri.“ Meðal þeirra er Todd Palin, eiginmaður varaforsetaframbjóðandans og ríkisstjóra Alaska, Söruh Palin. Hóparnir tveir munu svo safnast saman í Nome eftir sex daga ferðalag. „Flestir undanfarar fljúga þaðan heim, en við ætlum aftur til Fairbanks með keppendunum,“ segir Þóra Hrönn.

Það þarf mikla þjálfun fyrir ferðina, bæði andlega og líkamlega og gríðarmikinn undirbúning. Keppnishaldarar gera kröfu um að allir verði með til dæmis brynju, hálskraga og spelkur í ferðinni.

Auk þessa þurfa keppendur að vera vel klæddir, því hægt er að gera ráð fyrir 30-45 gráðu frosti, fyrir utan vindkælingu. „Maður þarf líka að vera sterkur í höndunum þegar verið er að keyra lengi og

ekki er alltaf jafnt undir. Það er kannski svolítið geggjáð að láta sér detta þetta í hug.“

Þóra Hrönn segir að börnin þrjú séu spennt fyrir hönd foreldra sinna, en þau jafnt sem aðrir geta fylgst með ferðum þeirra hjóna í keppninni þar sem þau munu vera með „Spot“-tæki, sem sendir frá sér staðsetningarmerki og verður hægt að fylgjast með ferðinni á heimasíðu þeirra www.icelandalaska.com. Þóra Hrönn segir börnin ekki láta það mikið í ljós að þau óttist um foreldra sína í þessari ferð. „En við finnum að það er ákveðin tilkynningaskylda. Þeim finnst svo sem ágætt þegar við erum komin á áfangastað.“

Bæði Þóra Hrönn og Sigurjón hafa langa reynslu af snjósleðaferðum, og fengu sér fyrst sleða árið 1981 og segir Þóra Hrönn að þetta hafi orðið mikið fjölskyldusport. „Það hefur verið svo snjólítið á Íslandi undanfarin ár, þannig að það hefur dregið úr snjósleðaferðum hér heima en við höfum farið ársvisst vestur til Klettafjallanna í Norður-Ameríku og til Alaska.“

Aðspurð hvað hafi komið til að þau hjónin, 57 ára, hafi ákveðið að taka þátt í þessari keppni segir hún að þau hafi farið til Alaska árið 2006. „Í þessum ferðum erum við alltaf að kynna fólk. Við förum aftur til Alaska í fyrri og hittum þá aftur mann sem við hittum í fyrstu ferðinni. Það var farið að tala um að taka þátt í Iron Dog. Í fyrstu hlustaði ég bara með öðru eyranu, þar sem ég hélt að þetta yrði ekki að veruleika. En síðan var þetta bara ákveðið.“

Sigurjón mun fjalla um komandi ferð á opnum fundi Reykjavíkurdeildar Landssambands íslenskra vélsleðamanna á miðvikudagskvöld klukkan átta á Hótel Loftleikum og eru allir áhugasamir velkomnir.

svanborg@frettabladid.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 77 Velta: 92 milljóni
OMX ÍSLAND 15 **OMX ÍSLAND 6**
 335 +0,31% 899 +1,53%

MESTA HÆKKUN

↑ **STRAUMUR** +7,62%
MAREL +1,05%
ÖSSUR +0,93%

MESTA LÆKKUN

↓ **ATLANTIC AIRW.** -1,18%
ATLANTIC PETR. -0,96%
FØROYA BANKI -0,43%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 4,15 +0,00% ... Atlantic Airways 168,00 -1,18% ... Atlantic Petroleum 620,00 -0,96% ... Bakkavör 1,90 +0,00% ... Eik Banki 91,50 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,57 +0,00% ... Føroya Banki 117,00 -0,43% ... Icelandair Group 13,25 +0,00% ... Marel Food Systems 77,30 1,05% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,13 +7,62% ... Össur 97,60 +0,93%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Óvissa um afkomu eftir áfallaárið 2008

VIÐSKIPTI Hrein eign lífeyrissjóðanna jókst um tæpan 51 milljarð króna á milli mánaða í lok nóvember í fyrra og nam þá 502,6 milljörðum króna. Greining Glitnis bendir þó á að hrein eign lífeyriskerfisins hafi rýrnað um 11 prósent að raungildi frá upphafi síðasta árs til nóvemberloka.

Fall krónunnar í mánuðinum og gengishækkun á erlenda eignasafninu skýra hækkunina að langmestu en hækkunin jafngildir því að verðmæti erlendu eignanna hafi aukist um 11,2 prósent á sama tíma og verðmæti innlendra eigna dróst saman um 2,1 prósent. Þetta kemur fram í nýjustu hagtolum Seðlabankans um hreinar eignir lífeyrissjóðanna.

Hrein eign lífeyrissjóðanna nam 1.713 milljörðum króna í lok nóvember síðastliðins. Hrein eign lífeyrissjóðanna nam 1.636 milljörðum króna í október og dróst



BANKARNIR Fall krónunnar í nóvember dró úr tapi lífeyrissjóðanna eftir bankahrunið í mánuðinum á undan.

þá saman um 11 prósent milli mánaða eftir hrun fjármálakerfisins.

Seðlabankinn segir enn nokkra óvissu um endanlegt mat á eignum lífeyrissjóðanna og í sama streng tekur Greining Glitnis. „Enn ríkir nokkur óvissa um útkomu lífeyrissjóðanna eftir áfallaárið 2008. Þeir hafa yfirleitt reiknað tilteknar afskriftir inn í eignasafn sitt vegna

skuldabréfa innlendra banka og fyrirtækja, en ekki liggur enn fyrir hversu hátt hlutfall þessara eigna fáiast borgað út á endanum,“ er þar bent á, en um leið áréttað að til lengri tíma litið sé raunávöxtun sjóðanna með ágætum og íslenska lífeyrissjóðakerfið eftir sem áður „eitt hið öflugasta á byggðu bóli“.

- jab, óká



POUL THOMSEN Poul er formaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Fyrsta reglubundna endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda vegna lánaþyrrireiðslu AGS er í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Boða kosningar um mitt árið

Alþingiskosninga er að vænta um mitt þetta ár, að því er segir í nýrri umfjöllun Economist um íslenskt efnahagslíf. Taldar eru líkur á að vinstristjórn taki við í landinu.

„Þótt ný stjórn yrði að halda sig við setta efnahagsáætlun [Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, AGS] gæti hún reynt að finna leiðir til að mýkja áhrif hennar“ segir í greininni sem birtist í vefútgáfu Economist undir yfirskriftinni „Ísland stendur frammi fyrir hörmungartíð“ (eða *Iceland faces the worst of times*).

Rakin er saga falls bankakerfisins hér og landið sagt verða einna harðast úti í heiminum í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Búist er við jákvæðri niðurstöðu í fyrstu úttekt á framfylgni efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS í næsta mánuði. - óká



H.C. ANDERSEN Þjóðskáld Dana var fætt í Óðinsvéum í Danmörku en þar eru heimastöðvar húsgagnakeðju sem Straumur hefur tekið yfir. NORDICPHOTOS/AFP

Straumur kaupir Biva í Danmörku

Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hefur tekið yfir dönsku húsgagnakeðjuna Biva og leggur rekstrinum jafnframt til nýtt fjármagn.

Að því er fram kemur í frétt Berlingske Tidende fór Biva Möbler Odense í greiðslustöðvun um áramótin, en Straumur kaupir fyrirtækið af Odin Equiti Partners og Dania Capital. Berlingske segir kröfuhafa með þessu fá sitt greitt, en viðbúið að skorið verði niður í rekstrinum með fækkun starfsfólks, útibúa og niðurskurði í samstarfssamningum.

Hjá Biva Möbler Odense starfa nú um 350 manns.

Eftir Oscar Crohn, forstjóra Straums í Danmörku, er haft að í grunninn sé í lagi með rekstur Biva, markaðshlutdeild sé góð og stjórn fyrirtækisins styrk. - óká

Birtingu frestað

Frestað var um tvo daga reglubundinni birtingu nýjustu talna úr efnahag Seðlabanka Íslands. Birta átti upplýsingarnar í gær, en þær verða í staðinn birtar á morgun miðvikudaginn 14. janúar. - óká

BONUS BONUS BONUS BONUS

Ali

Grísakjöt

100% KJÖT

#1 AÐ NYSLÁTRUÐU

Ali grísabógur
 Aðeins **499-** kr./kg.
 merkt verð 554 kr./kg.

ALLTAF NÝTT

Ali Grísakjöt AFSLÁTTUR 40% VÍÐ KASSANN
 Ali grísasnitset 1.127 kr./kg. merkt verð 1.878 kr./kg.

Ali Grísakjöt AFSLÁTTUR 40% VÍÐ KASSANN
 Ali grísahnakki úrbeinaður 1.079 kr./kg. merkt verð 1.798 kr./kg.

Ali Grísakjöt AFSLÁTTUR 40% VÍÐ KASSANN
 Ali grísahakk Aðeins **530-** kr./kg.
 merkt verð 884 kr./kg.

Ali Grísakjöt AFSLÁTTUR 40% VÍÐ KASSANN
 Ali svínagúllas 1.127 kr./kg. merkt verð 1.878 kr./kg.

BONUS BÝÐUR BETUR

Sumar og sól

Salan er hafin!

Heimsferðir hefja nú sölu á sumarleyfisferðunum 2009. Í boði er úrval vinsælla áfangastaða, fjölbreyttir gistivalkostir, fyrsta flokks þjónusta og ótrúlega hagstæð verð.

NÝTT – Sólar-smellur í sumar!

Þú tryggir þér sæti og ódýrasta gistivalkostinn á þeim tíma sem þér hentar!

Nánari upplýsingar á www.heimsferdir.is



Frábær fjölskyldugisting!

Salou

 frá 69.950 kr.*

Strandparadísinn sunnan Barcelona!



Frábært verð frá 79.950

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Cye Holiday Center, 29. maí og 28. ágúst.

frá 69.650 kr.* Frábærir gistivalkostir í boði!

Mallorca

Perla Miðjarðarhafsins!



Frábært verð frá 79.650

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku með á Sorrento, 26. maí, 23. júní og 25. ágúst.

Frábært verð frá 79.990

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Club Cala d'Or Park 26. maí, 23. júní og 25. ágúst.

Fyrstu **300** sætin með **10.000** kr. afslætti

frá **69.950** kr.*

Fjöldi glæsilegra gistivalkosta í boði!

Costa del Sol

Vinsælasti sólarstaður Evrópu!

Glæsileg páskaferð - 10 nætur frá kr. 89.950

Mjög takmarkaður sætafjöldi í boði um páskana!

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 10 nætur á Minerva Jupiter Apartments, 4. apríl.
Netverð á mann í tvíbýli með morgunverða á Hotel Los Arcos kr. 107.000. Aukagjald fyrir hálf fæði kr. 12.800.

Frábær vorferð - 18 nætur frá kr. 92.690

Frábærir gistaðir í boði á einstökum kjörum!

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 18 nætur á Aguarina, 3. maí.
Netverð á mann í tvíbýli með morgunverða á Hotel Los Arcos kr. 107.000. Aukagjald fyrir hálf fæði kr. 12.800.



Frábært verð

frá **79.950**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku á Minerva Jupiter Apartments, 21. og 28. maí, 18. og 25. júní, 27. ágúst, 3., 10. og 17. september

Frábært verð

– með hálfu fæði

frá **89.950**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Los Palomas í viku með hálfu fæði, 21. eða 28. maí.

Frábært verð

– með allt innfalið

frá **97.670**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára í herbergi á Hotel Roc Flamingo í viku með allt innfalið, 21. eða 28. maí.

Alicante

Beint morgunflug

Frá **19.990** kr.*

Heimsferðir bjóða þér beint flug til Alicante næsta sumar eins og undanfarin 17 ár. Við bjóðum betri verð, frábæra flugtíma og fyrsta flokks þjónustu alla leið – fyrir þig!

Nú er tækifærið að bregðast skjótt við og tryggja þér lægsta verðið því ódýrustu sætin fljúga hratt út á www.heimsferdir.is.

Frá kr. **39.980**

báðar leiðir með sköttum.
Takmarkaður sætafjöldi

Tryggðu þér
lægsta verðið
og bókaðu strax á
www.heimsferdir.is

á frábærum kjörum árið 2009



Bókaðu núna á www.heimsferdir.is



Heimsferðir



INFLÚENSUFARALDUR sem nú er í uppsiglingu á landinu er aðalefni nýjasta tölublaðs Farsóttáfréttu Landlæknisembættisins. Farsóttáfréttir má finna á heimasíðu embættisins, www.landlaeknir.is.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

TAI CHI
10 vikna námskeið hefst 19. janúar
 Kennst á mánudögum og miðvikudögum í Safamýrarskóla, Safamýri 5

Leiðbeinendur:
S. Hafdís Ólafsdóttir - Svanlaug Thorarensen
 Skráning: s.: 861 59 58 - hafdis@slf.is - svanlaugt@simnet.is

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10-20
 laugardaga kl. 10-17

maður lifandi
 Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

13. jan. Góð heilsa er auðveldari en þú heldur
 Matti Ósvald heilsuráðgjafi

27. jan. Ég fitna sama hvað ég geri. Hvernig nær ég jafnvægi?
 Esther Helga Guðmundsdóttir ráðgjafi

03. feb. Hvað er heilun?
 Kristján Viðar Haraldsson

07. feb. Hláturfundur Hláturættildúbsins
 Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari

10. feb. Mataræði fyrr og nú - Næring í viðari skilningi
 Haraldur Magnússon osteopati



Sigfríð ásamt skipfélögum sínum á móti sem fram fór í Neskaupstað.

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
 Skrifnum 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

System beltí fyrir kvíðvöðva dómur / herra kr. 29.900.-

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Heimir Karlsson

Árskort í tækjasal aðeins 3.333 kr. á mánuði*

* Skuldbinding í ár.

Heilsuakademian í Egilshöll - frábær tækjasalur, opnir tímar og landsins mesta úrval námskeiða
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

ÚTSALA

Patti húsgögn

VALDAR VÖRUR Á ALLT AÐ 80% AFSLETTI

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
 Opnunartími: Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Maður verður að hafa tilfinningu fyrir veiðinni

Sigfríð Valdimarsdóttir varð Íslandsmeistari kvenna í sjóstangveiði í ellefta sinn á síðasta ári. Hún segir vaxandi hóp fólks stunda sjóstangveiði og mikinn vinskap hjá þeim sem sportið stunda.

Sigfríð Valdimarsdóttir hefur stundað sjóstangveiði frá árinu 1991 og hefur á þeim tíma ellefu sinnum orðið Íslandsmeistari kvenna í greininni. „Ég byrjaði fyrir algera heppni,“ segir hún og útskýrir að sjóstangveiði hafi verið lengi stunduð hér á landi en Sjóstangveiðifélag Akureyrar haldi alltaf sitt árlega sjóstangveiðimót út frá Dalvík. Mörg skipanna sem sigldu út með veiðimennina komu hins vegar frá Hauganesi þar sem Sigfríð er fædd og uppalin. „Í þá tíð var mikil bátautgerð frá Hauganesi og við Haugnesingar lögðum til mikið af bátum í keppnina en hins vegar voru engir keppendur frá þessum litla stað,“ segir Sigfríð og heldur áfram: „Strákunum sem tóku þátt í mótinu sem skipstjórar fannst ófært að engir keppendur væru frá Hauganesi og hvöttu mig og þrjár aðrar konur til að stofna sveit.“ Skipstjórnarnir fóru með konurnar fjórar í tvær æfingafærir út á sjó og síðan var látið vaða í næsta

mót. Ekki fara miklar sögur af afrekum þeirra á mótinu en hins vegar heillaðist Sigfríð af sportinu. Þó að Sigfríð hafi ekki verið reynslumikil á sínu fyrsta móti var hún þó alls ekki óvön. „Frá unga aldri lékum við krakkarnir okkur á bryggjunni og veiddum. Svo fengum við lánaða árabáta hjá körlunum til að fara fram fyrir bryggjusporðinn og veiða,“ rifjar Sigfríð upp. Hún er komin af sjómönnum fram í ættir. „Þetta er því í blóðinu,“ segir Sigfríð. En hvað þarf til að vera góður í sjóstangveiði? „Maður þarf að hafa tilfinningu fyrir veiðinni, vita hvenær á að renna færinu í botnin, hvað þarf að renna færinu langt upp til að finna fiskinn og vita hvar fiskurinn liggur í sjónum á hverju svæði og vera útsjónarsamur með það,“ útskýrir Sigfríð en segir heppni vissulega skipta líka miklu máli. Á mótum eru keppendur til að mynda dregnir á báta en Sigfríð telur sig hafa verið

mjög heppna í gegnum tíðina og alltaf hafa lent hjá skipstjórum sem þekktu vel sín heimamið. Sigfríð segir vaxandi hóp fólks stunda sjóstangveiði þó að konur mættu vera fleiri að hennar mati. Yfirleitt eru um 40 til 60 keppendur á hverju móti og fjórir til fimm keppendur í hverjum báti sem keppast við að draga upp ýsu, þorsk og annan fisk. Að móti loknu fær mótshaldarinn allan aflann upp í kostnað við mótið. Haldin eru mót á átta stöðum á öllu landinu en þrjú bestu mótin telja til stiga í Íslandsmeistararmótinu. Sigfríð er því mikið á faraldsfæti og segir slíkar keppnisferðir ákaflega skemmtilegar. „Það hefur myndast mikil vinátta í þeim kjarna sem fer á flest mótin og er að keppa af alvöru,“ segir Sigfríð en undanfarnin tíu ár segir hún mikla þróun hafa orðið í sjóstangveiðinni sem í dag sé orðin mun meiri keppni en hún var áður.

solveig@frettabladid.is

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur 329 kr.

Gildir í janúar 2009
 Gildir ekki með öðrum tilboðum
 Gildir ekki í Stjórnumáli

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

HjartaHeill

SUBWAY í fínu formi



BORÐAÐU ÞIG HOLLARI!


Auðveldar þér að léttast

Losaðu þig við 5 kíló á 5 vikum

Nýtt og yfirfarið matarþrógram, sem hjálpar þér við að losa þig við aukakílóin.

Lærðu um það hvernig þú borðar fjölbreyttar máltíðir með hollum og góðum mat.

GARÐABÆ
REYKJAVÍK
REYKJANESBÆR
AKUREYRI



Léttist um 30 kíló á 30 vikum



865-8407 vigtarradgjafarnir.is



Minni og þægilegri tæki

Hjá Heyrn er veitt alhliða þjónusta til að bæta úr heyrnarskerðingu. Í boði er fjölbreytt úrval danskra heyrnartækja en nú er komið nýtt tæki, be frá ReSound, sem hannað er á nýjan og stórbættan hátt.

„Tækið er mun minna um sig en vant er og hannað eftir eyranu,“ segir Ellisif Björnsdóttir heyrnarfræðingur hjá Heyrn. „Það er nokkurn veginn ferkantað sem gerir það að verkum að það loftar alls staðar meðfram tækinu þar sem hlustin er kringlótt og verður tækið þannig sérstaklega þægilegt þar sem komið er í veg fyrir lokunarárhrif sem stundum fylgja heyrnartækjum og eru þannig að maður heyrir hátt í eigin rödd og annað slíkt,“ útskýrir hún.

Hljóðneminn á tækinu leggst upp í ytra eyrað og er í skjóli af eyranu. „Á öðrum tækjum hefur hljóðneminn verið óvarinn og á Íslandi lendum við sérstaklega í því að fá svona vindgnaud eða bresti í hljóð um leið og við förum út og eitthvert rok er. Þarna er hljóðneminn hins vegar í skjóli og staðsettur þar sem eyrað fangar hljóðið og verður hljóðið þannig eðlilegt. Er það frábrugðið til dæmis tækjum sem eru höfð á bak við eyrað. Þá kemur hljóðið á annan stað en okkur er eðlilegt og tækið þarf að reikna út þessa skekkju,“ segir Ellisif áhugasöm.

Nýja be-heyrnartækið frá ReSound hefur þann kost að það sést ekki heldur er falið af eyranu sjálfu. „Margir eru hissa að sjá að tækin eru aðallega tekin í svörtu en hugsunin er sú að ef horft er á eyrað á fólki og hlustina þá er skuggi þar inni,“ segir Ellisif.



Ellisif segir nýju heyrnartækin frá ReSound búa yfir miklum kostum bæði hvað varðar tækni og hönnun.

ReSound er einn stærsti framleiðandi heyrnartækja í dag og er leiðandi í nýrri hönnun og hljóðvinnsluforritum fyrir heyrnartæki. „Við tókum tækið inn í desember og er áberandi aukning í notkun hjá karlmonnum á aldrinum 40 til 60 ára,“ segir Ellisif.

ReSound var meðal vinningshafa Den Danske Designpris 2008/09 fyrir be-heyrnartækin og segir Ellisif að vissulega kosti tækin sitt. „Heyrnartæki í dag eru dýr og við erum bara með þróuðustu tækin

frá ReSound. Hins vegar erum við með tvær útfærslur sem mismunandi verð er á. Sitthvort hljóðvinnsluforritið er í tækjunum þótt þau líti eins út. Tryggingastofnun greiðir hins vegar niður og oft koma stéttarfélög inn,“ segir hún en nefnir að til lengri tíma borgi sig að fá sér heyrnartæki. „Svona tæki eru samskiptatæki og auka lífsgæði og félagsfærni. Tækin eru notuð í mörg ár á hverjum degi og hafa því mikið gildi.“

hrefna@frettabladid.is

Námskeið um kaþólska trú

hefst annað kvöld miðvikudaginn 14. Janúar kl. 20:00 í safnaðarheimili Kristskirkju í Landakoti, Hávallagötu 16. Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar í síma 552 5388.

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“



TILBOÐ
Dömustígvél á tilboðsverði:
Verð: 3.500.
og 7.500.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Nýkomnir glæsilegir dömskúr úr leðri og með skinnfóðri. Margar gerðir. stærðir: 37 - 41 Verð: 14.880.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Aukin ökuréttindi - Meirapróf Nýtt námskeið byrjar 14. janúar

Lærið þar sem þekking og reynsla er í fyrirrúmi. Yfir 40 ár í fagmennsku.

B-réttindi:

- Námskeið alla virka daga kl. 18–22
- Dagnámskeið kl. 16–18
- Helgarnámskeið
- B-réttindi á pólsku, ensku og tælensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Námskeið til B-réttinda fyrir þá sem þurfa að læra á sínum hraða í samvinnu við Fjölmennt

Önnur námskeið:

- Aukin ökuréttindi (meirapróf)
- Vistakstur
- Bifhjólánámskeið
- Atvinnuleyfishafanámskeið í samvinnu við Vegagerðina
- Flutningur hættulegra efna ADR



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opíð 10–17 alla daga.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



www.bilprof.is

skólar og námskeið

ÞRIÐJUDAGUR 13. JANÚAR 2009



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDPHOTOS/GETTY



Innritun hafin

Byrjenda- og
framhaldshópar
frá 3 ára aldri

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins

Ballett - Jazzballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá
sem vilja láta drauminn rætast



Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
S: 562-0091 695-0399
www.gbballett.is



Lærðu að lesa landið þitt

Í Mosfellsbæ eru haldin námskeið í ljósmyndun og meðal annars kennt á stillingar ljósmyndavéla og hvernig finna má myndefni.

„Ég býð upp á tvö ný námskeið þetta vorið. Annars vegar námskeið fyrir eigendur lítilla véla og hins vegar námskeiðið Lærðu að lesa landið þitt. Þá fer ég með þátttakendur í jeppaferð og kenni þeim að leita uppi myndefni,“ útskýrir Pálmi Guðmundsson, sem hefur tekið ljósmyndir frá því hann var tólf ára gutti og kennt ljósmyndun síðastliðin sex ár.

„Ljósmyndun hefur verið aðal- atvinna mín árum saman en tilviljun réði því að ég fór að kenna. Ég fékk fyrirspurn frá Ármúlaskóla um hvort ég gæti bent á kennara fyrir ljósmyndanámskeið og sendi hana á hóp manna en fékk engin svör. Sambýliskona mín stakk þá upp á því að ég tæki þetta að mér. Síðan hefur þetta undið upp á sig og nú er ég með aðstöðu í Mosfellsbæ þar sem ég kenni og fer einnig hringinn um landið tvisvar á ári með ljósmyndanámskeið.“

Fólk kemur með sínar eigin vélar á námskeiðin hjá Pálma sem

eru ýmist sniðin að litlum vélum, stórum eða öllum. Námskeiðin eru allt frá einum degi, þá sjö tímar, og upp í fjögur kvöld, í samtals sextán tíma.

„Aðalmálið er að kenna á stillingar vélarinnar svo fólk geti notað þá möguleika sem það hefur. Svo kenni ég hvernig á að ná betri myndum, hvernig á að beita sér og hvernig á að finna myndefni. Einnig fer ég í tækniatriðin í tölvunni í sambandi við vistun mynda og skráningu og í grunnatriði photoshop-forritsins.“

Ljósmyndun er vinsælt áhugamál og hafa námskeiðin verið vel sótt. Pálmi nefnir að kreppan virðist yta fólki frekar út í að sinna áhugamálum sínum. „Árið byrjar betur en í fyrra. Fólk lítur sér nær og leyfir sér að gera eitthvað fyrir sjálf sig. Þetta er vinsælt áhugamál hjá mjög breiðum hópi fólks en á síðasta ári voru unglingsstúlka og maður á níræðisaldri á sama námskeiðinu svo að þetta spannar allan aldur.“

Skráning á námskeiðin er þegar hafin og er nánari upplýsingar að finna á heimasíðunni www.ljosmyndari.is.



Elín Margrét Hallgrímsdóttir segir að námsframboð við símenntun og endurmenntun Háskólans á Akureyri ráðist meðal annars af aðstæðum og eftirspurn. Þannig verði samskipti Íslands og Evrópuríkja nú til umfjöllunar á sérstöku námskeiði við skólann.

NORDICPHOTOS/GETTY

Umræða um Evrópumálin

Ýmissa grasa kennir við símenntun og endurmenntun Háskólans á Akureyri. Samskipti Íslands og Evrópuríkja og frumkvöðla- og þróunarstörf verða meðal annars á dagskrá.

„Við verðum meðal annars með námskeið um mál málanna í dag sem kallast Ísland og Evrópa. Þar verður gefið yfirlit yfir þróun samskipta Íslands og Evrópuríkja og áhrifin skoðuð sem þessi samskipti hafa haft á íslensk stjórn-mál og efnahagslíf. Sögulegum atriðum varðandi Evrópusamskipti Íslendinga verða gerð skil sem og starfsemi og stofnanagerð EFTA, EES, ESB og annarra samtaka sem tengjast Evrópusamvinnu.“

Þetta segir Elín Margrét Hallgrímsdóttir, símenntunarstjóri hjá Háskólanum á Akureyri, sem hefur það hlutverk að leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með tilliti til þarfa samfélagsins. Að hennar sögn hefur núverandi þjóðfélags-ástand sitt að segja við námsframboð í skólanum. „Við leitumst við



Elín segir sí- og endurmenntun HA bjóða upp á einingabær námskeið með kennsludeild skólans.

MYND/ÚR EINKASAFNI

að bregðast við aðstæðum og eftirspurn jafnóðum við skipulagningu námsframboðs skólans.“

Samstarf er við kennsludeildir háskólans um einingabær námskeið sem boðið er upp á. Elín Margrét nefnir í því samhengi þriggja missera rekstrar- og viðskiptanám og þrjú einingabær námskeið sem í boði verða í fjarkennslu til símenntunarmiðstöðva. Þar er um að ræða nám í mannauðsstjórnun og svo tvö námskeið á meistara- stigi í heilbrigðisvísindum, það er

að segja leiðsögn í klínísku námi og nám í orsökum, greiningu og meðferð krabbameins.

Eins verða í boði námskeið í fjármálum og rekstri þar sem lögð er áhersla á frumkvöðla- og þróunarstörf, sem henta vel háskóla- menntuðum og öðrum sem vilja auka við þekkingu sína á þessu sviði. Þá má líka nefna námskeið á sviði viðtalstækni og sálægslu.

„Svo erum við með ýmis styttri námskeið á sviði upplendis- og kennslufræða. Námskeið sem sérstaklega eru ætluð kennurum á öllum skólastigum eru í undirbúningi. Þar má nefna námskeið í bókmenntum þar sem eðli og gagnsemi barnabóka verður til umfjöllunar. Eins og hvernig fullorðnir, kennarar eða foreldrar geta laðað börn að bóklestri,“ segir Elín Margrét og bætir við að lestrarhvatning sé eitt mikilvægasta verkefni uppalenda.

Hún bendir jafnframt á að í upphafi árs verði námskeið ætluð nýnemum, í fræðilegum vinnubrögðum og vinnulagi þar sem farið verður í helstu rannsóknarsvið og aðferðir og eins siðferðisleg álitamál í rannsóknarstarfi.

vg



Pálmi Guðmundsson segir ljósmyndun vinsælt áhugamál en hann heldur námskeið í ljósmyndun í Mosfellsbæ.

FRÉTTIR/ADRIAN STEFAN

f.á FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning á vorönn fer fram 9. – 19. janúar
á slóðinni www.fa.is/fjarnam



VERTU ...



... ALLT SEM ÞÚ
GETUR ORÐIÐ



NÝIR TÍMAR – NÝJAR ÁSKORANIR

Þökkum frábærar viðtökur á nýliðnu ári og óskum landsmönnum öllum farsældar á komandi árum

StjórnMennt

Framsækin þjálfun og menntun stjórnenda, sérfræðinga og starfsfólks fyrirtækja gerir þeim kleift að skara fram úr í samkeppni og vera skapandi á tímum breytinga. Sérniðnar lausnir eru ólíkar eftir áherslum vinnustaða en efnistökur eru sótt inn í deildir HR, til sérþekkingar-fyrirtækja eins og Capacent og erlendra samstarfsaðila.

Nokkur dæmi um næstu opnu námskeið:

Áskoranir stjórnenda í erfiðu árferði

– hefst 20. janúar og lýkur 12. maí

(einnig er hægt að skrá sig á stök námskeið)

- Að ná niður rekstrarkostnaði – hefst 20. janúar
- Samningatækni: endurskoðun á samningum við birgja og þjónustuaðila – hefst 5. febrúar
- Að gera skipulagsbreytingar og breytingastjórnun – hefst 17. febrúar
- Starfsmanna- og launaviðtöl í erfiðu árferði – hefst 3. mars
- Að færa slæm tíðindi og erfið samtöl – hefst 17. mars
- Leiðtoginn og liðið í þungu færi – hefst 31. mars
- Markaðsstarf í kröppum dansi – hefst 14. apríl
- Greining á sóknartækifærum – hefst 28. apríl
- Nýsköpun, rannsóknir og vöruþróun – hefst 12. maí

Forysta til framfara: Leiðtoginn og samskiptahæfni

– hefst 18. febrúar og lýkur 26. maí

(einnig er hægt að skrá sig á stök námskeið)

- Árangursrík leiðtogahegðun – lærðu af þeim sem lifðu af – hefst 18. febrúar
- Markþjálfun (Coaching Clinic) – stjórnandinn sem „coach“ – 18. og 19. mars
- Framkoma og tjáning – hefst 21. apríl
- Samningatækni – hefst 26. maí

Traust – vinnustofa – 27. og 28. janúar

Persónuleg forysta – 7 venjur til árangurs

– 24.–26. febrúar

FagMennt

Fjöldi styttri og lengri hagnýtra námskeiða fyrir einstaklinga. Diplómanám og stök eininganámskeið metin á háskólastigi. Tilvalið fyrir þá sem vilja efla sig og auka samkeppnishæfni sína.

Styttri opin námskeið

- Gerð fjárhagsáætlana – hefst 26. janúar
- Fjármál fjölskyldunnar – hefst 28. janúar
- Evrópuréttur – hefst 10. febrúar
- Samruni fyrirtækja – hefst 11. febrúar
- Fjármálastjórnun fyrirtækja – hefst 26. febrúar
- Skattskil einstaklinga – hefst 9. mars

Lengri opin námskeið

- Rekstrar- og fjármálanám – hefst 10. janúar
- Vefstjórnun – hefst 4. febrúar
- Almennir bókarar – hefst 3. mars

Diplómanám

- Markaðsfræði – hefst 12. janúar
- Orku-, auðlinda- og loftslagsmál – hefst í lok janúar
- Kínversk menning og viðskiptahættir – hefst í febrúar
- Verkefnastjórnun – hefst í febrúar
- Matstækni – hefst í febrúar
- Ferðamál og þjónusta – hefst í mars

Aðrar þekkingargáttir

Á heimasíðu okkar er að finna fjölda annarra námskeiða og valkosta um hvernig þú getur ræktað þinn þekkingarauð, m.a. hjá **FrumgreinaMennt** – undirbúningur undir háskólanám, **FrumkvöðlaMennt** – stuðningur við stofnun fyrirtækja, **FjarMennt** – fjarnám og **GrunnMennt** – námskeið fyrir ungt fólk.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Opna háskólans, s. 599-6394, opnihaskolinn@opnihaskolinn.is og á www.opnihaskolinn.is.

Stúdentþjónusta HR veitir einstaklingsráðgjöf um náms- og starfsval, auk fjölda námskeiða um háskólanám og áhugasviðsgreiningu.



OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

www.opnihaskolinn.is

RÁÐGJAFARSKÓLI ÍSLANDS

RÁÐGJAFASKÓLI - FORVARNASKÓLI
Innritun á vorönn lýkur 16. janúar 2009

Nám í Ráðgjafarskóla Íslands er tvíþætt, annars vegar ætlað þeim sem vinna (eða ætla sér að vinna) að **forvörnum**; hins vegar nám í **ráðgjöf** (ihlutun) á ýmsum sviðum, s.s. sveitarfélögum, fyrirtækjum, skólum, félagasamtökum, æskulýðs- og íþróttastarfi, löggæslu, sálsgæslu, félagsþjónustu og kirkjulegu starfi.



Umsóknareyðublað og upplýsingar:

Ráðgjafarskóli Íslands,
Pósthólf 943, 121 Reykjavík
Sími: 553 8800 GSM 899 5210
Netfang: stefanjo@xnet.is
Veffang: www.forvarnir.is

BARNADANSAR
DANSKENNSLA.IS

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN
www.akademia.is

Láttu ljós þitt skína

Námskeið í greinaskrifum fyrir þá sem vilja læra að koma skoðun sinni á framfæri í rituðu máli. Kennir er að finna flöt á viðfangsefnum og færa rök fyrir skoðunum sínum auk þess sem fjallað er um málfar, stíl og uppbyggingu greina og samskipti við fjölmiðla um birtingu þeirra.

Kennarar: Björg Árnadóttir blaðamaður og kennari og aðrir sérfræðingar Reykjavíkurakademíunnar.

Kennt verður í Reykjavíkurakademíunni, Hringbraut 121 mið. 21. jan., mán. 26. jan., mið. 28. jan. og mán. 2. feb. kl. 20:00-22:00.
Verð kr. 20.000

Skráningar hjá Reykjavíkurakademíunni með tölvupósti á netfangið ra@akademia.is eða í síma 5628561. Til að skrá sig þarf að gefa upp nafn og símanúmer.

Móna Líska varð ekki til eftir

Við Listaháskóla Íslands er nú boðið upp á nám fyrir þá sem vilja ögra sjálfum sér og öðlast nýja sýn á starfsvettvang sinn og umhverfi.

„Fyrst og fremst sjáum við fyrir okkur að námið geti orðið til þess að fólk fari að sjá sína eigin starfsgrein og umhverfi í nýju ljósi. En kraftur listarinnar felst einmitt í því að setja hlutina á hvolf, snúa þeim á rönguna, og um leið opna hugann til nýrra vídda og skilnings. Námið er í raun viðbrögð skólanna við ástandinu sem hefur skapast á atvinnumarkaði á Íslandi í dag.“

Þetta hefur Hjálmar R. Ragnarsson rektor við Listaháskóla Íslands að segja um nýtt þverfaglegt diplómanám kallað Prisma, sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa skipulagt í samvinnu við Reykjavíkúakademíuna. Námið er tveggja mánaða langt, kennt í febrúar og mars, og metið til sextán eininga. Áhersla er á fræðigreinar lista og heimspeki, en fjölmörg önnur fög koma við sögu. Til dæmis mannfræði, frumkvöðlafræði, stjórnan, arkitektúr og skipulag, ímyndunarfræði og miðlunarfræði.

„Varðandi samspil á milli lista og viðskiptalífs þá eru þetta gjörólík svið og

markmiðin eftir því. En einmitt þess vegna er svo lærdómsríkt að skoða hverjar eru aðferðirnar og viðmiðin hjá hinum,“ segir Hjálmar og áréttar að listirnar byggja á sköpun óháð einhverjum sérstökum úrlausnarefnum eða óleystum vandamálum.

„Merkilegustu uppfinningarnar eru þær sem enginn hefur talið sig þurfa á að halda. Enginn sóttist eftir internetinu en það varð til og ekki var Móna Líska sérþötuð. Samt eru þessir hlutir taldir ómissandi og hluti af okkur öllum,“ segir Hjálmar í tengslum við þær mörgu og ólíku hliðar sem listin hefur.

„Það er síðan margt í vinnuáferðum listamanna sem ýmsir innan annarra sviða eru farnir að tileinka sér í auknum mæli. Til að mynda vinnulag, áherslu á innsæi, stöðuga gagnrýni og aðferðir til að brjótast út úr vanabundinni hugsun og spyrja sig nýrra spurninga. Prisma er einmitt nám fyrir þá sem vilja ögra sjálfum sér og horfa á hlutina með gagnrýnum hætti, en með jákvæðum formerkjum.“

„Merkilegustu uppfinningarnar eru þær sem enginn hefur talið sig þurfa á að halda. Enginn sóttist eftir internetinu en það varð til,“ segir Hjálmar R. Ragnarsson, rektor við LHÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Gallarnir kalla á góðar áben

Margir ala með sér skáldadrama og sumir skrifa fyrir skúffuna. Nú er lag að öðlast færni í smásagnagerð með því að sækja námskeið í Mími hjá Ágúst Borgþóri Sverrisyni rithöfund.

„Ég ætla að kenna meginþætti sögubýggingar og þá tækni að láta lesandann gleyma sér með því að draga hann inn í aðstæður. Í skáldsögum er ýmist verið að segja frá því að eitthvað hafi gerst eða draga upp mynd af því. Það síðarnefnda er erfiðara en áhrifaríkara. Sérstaklega er það krafa í nútímabókmenntum að lesefnið virki svolítið eins og kvikmynd.“ Þetta segir Ágúst Borgþór um smásagnanámsskeið sem er að hefjast hjá honum í febrúar á vegum Mímis símenntunar. Markmið með námskeiðinu er að nemendur geti skrifað frambærilegar smásögur og undirbúið skáldsagnagerð.



„Ég legg ríka áherslu á það í byrjun að fólk læri að draga saman það sem kallað er sviðsmyndir,“ segir rithöfundurinn Ágúst Borgþór um smásagnanámsskeiðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ágúst Borgþór hefur gefið út fimm smásagnasöfn og eina skáldsögu. Hann kveðst líka hafa lesið sér til um ritlist. „Það tók mig mörg ár að læra að lesa bækur með það

í huga að finna út hvernig höfundurinn hefði unnið þær. Það var ekki fyrr en ég hafði skrifað tvær bækur sjálfur sem ég áttaði mig á því.“ Spurður hvort það sé ekki leiðin-

Sving, línudans og létt sveifla

Fjögurra kvöld svingnámskeið hefst í kvöld í Drafnarfelli 2 hjá samtökunum Komið og dansið og tíu kvöld línudansnámskeið á morgun.

Dansinn dunar flest kvöld vikunnar í Drafnarfelli því þar eru áhugasamtök um almenna dansþátttöku á Íslandi með námskeið í fótamennt. „Það er byrjað á einföldum sporum og strax eftir fyrsta korterið er oft kominn ótrúlega mikill dans í fólk. Námið er byggt svo skemmtilega upp,“ segir Bjarni Rúnar Þórðarson, stjórnarmaður í samtökunum Komið og dansið. Yfirskrift námskeiðanna er Létt sveifla, Línudans, Sving, Verðum ballfær og Unga fólk. Um stutt námskeið er að ræða. Sum eru bara helganámsskeið sem kosta 2.500 krónur. Auk þess eru æfingadanskvöld á fimmtudögum frá klukkan 20 til 23.30 og þá eru gömlu

dansarnir og fleira skemmtilegt í gangi sem fólk hefur lært á námskeiðunum eða annars staðar. Aðgangseyrir er 700 krónur.

Fólk á öllum aldri sækir dansnámskeiðin að sögn Bjarna. Þó er stærsti hlutinn á bilinu 40 til 60 ára. En í ungmenningnum á mánudögum eru krakkar á framhaldsskóla- og háskólaaldri. Allar samkomur á vegum félagsins eru áfengislausar enda eitt af kjörorðum félagsins „dansíð meira, drekkið minna“. Þó segir Bjarni enga predikun í gangi en það sýni sig að danskennsla sé eitt árangursríkasta forvarnastarf sem sögur fari af. Leiðbeinendur á vegum samtakanna hafa farið út á land og kennt ef þess hefur verið óskað. Líka í grunnskóla og fyrirtæki. Allt er unnið í sjálfboðavinnu af áhuga og ánægju.

Bjarni Rúnar segir fólk ekki þurfa að koma parað á námskeið-



„Þúsundir hafa farið í gegnum námskeiðin hjá okkur af hjartans lyst,“ segir Bjarni sem hér er í sveiflu m-

in eða danskvöldin. „Við reynum að finna dansfélaga handa öllum,“ tekur hann fram og segir margt fólk vera innan samtak-

r pöntun



dingar

legra að lesa bækur þannig svarar hann. „Jú, alla jafnan. En ef maður ætlar að læra að skrifa er ágætt að nýta sér það.“

Námskeiðið verður á kvöldin, einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn og stendur í sex vikur að sögn Ágústis Borgþórs. „Á milli þess sem við hittumst eru þátttakendurnir að skrifa og lesa og ég að fara yfir það sem komið er. Það er alls ekki þannig að fólk þurfi að skila mér gallalausum texta. Gallarnir kalla bara á góðar ábendingar. En auðvitað þarf líka að vera eitthvað gott sem hægt er að byggja á,“ segir hann og lýsir að lokum eiginleikum góðs rithöfundar. „Honum þarf að þykja gaman að skrifa og virkja sköpunargleðina. En þetta er líka puð og þeir sem verða góðir rithöfundar nenna að liggja yfir texta og skrifa hann aftur og aftur, ekki til að leiðrétta villur heldur til að það gerist eitthvað nýtt.“

-gun

á kvöldin



kur frá byrjun og flest af því fólki dansar núna með konu sinni Önnu Sigríði Karlsdóttur.

anna og ávallt tilbúið að fá sér snúning.

Benda má á heimasíðuna www.komidogdansid.is

-gun

Ævintýri að hætti Argentínubúa

„Við erum að reyna að efla dansmenningu ungs fólks með námskeiðum,“ segir María Ásmundsdóttir Shanko, formaður og stofnfélagi Tango Adventure. „Í samstarfi við ungmennastöðina Molann í Kópavogi bjóðum við upp á tíu vikna námskeið fyrir fólk á aldrinum 16 til 25 ára,“ bætir hún við, en Tango Adventure er einnig með námskeið fyrir eldri aldurshópa.

Námskeiðin í Molanum eru á

mánudögum og miðvikudögum, en á þriðjudögum og fimmtudögum fyrir fólk eldra en 25 ára og þá í Hæðargarði í Reykjavík. Tango Adventure býður líka upp á námskeið fyrir þá sem hafa lært tangó, til dæmis á helgarnámskeiði hjá félaginu.

Spurð hvort þurfi að framvísa nemendakorti til að notfæra sér ódýrari námskeiðin neitar María því. „Það er nóg að viðkomandi sé yngri en 25 ára.“ Hóparnir eru

takmarkaðir við tólf pör, eða 24 manns, en einstaklingar eru velkomnir. Þeir sem eru á aldrinum 16-25 ára greiða 8.900 krónur fyrir tíu tíma. Kostnaður fyrir 25 ára og eldri er 15.900 krónur. Skráning er í síma 553 3822 og 821 6929, sjá www.tangoadventure.com.

-aóv

Skráning er hafin hjá Tango Adventure.



SÝRLAND
NÁMSKEIÐ



Langar þig að talsetja teiknimyndir?



Barna og unglínganámskeið hefst 19. janúar

Hefur þig alltaf langað að sýna hvað í þér býr? Nú er tækifærið því við erum að fara af stað með námskeið í talsetningu teiknimynda. Mörg þeirra barna og unglínga sem sótt hafa námskeið hjá okkur í talsetningu hafa fengið tækifæri til að tala inn á alvöru teiknimyndir, bæði fyrir sjónvarp og kvikmyndahús.

4 vikna námskeið fyrir börn og unglínga byrja vikuna 19.-23. jan.

Kennd eru undirstöðuatriði í

- Framsögn
- Raddbeitingu
- Uppléstri
- Túlkun
- Talsetningu á myndefni

Aldurstakmark: Börn fædd 2000 og fyrr.

Námskeiðið hefst 19. janúar 2008.

Kennarar: Jakob Þór Einarsson og Rósa Guðný Þórsdóttir.

Verð kr. 19.900

Nánari upplýsingar og skráning í síma 563-2910 eða á heimasíðu okkar - www.syrland.is. Takmarkaður fjöldi.

FULLORÐINS
NÁMSKEIÐ
Í FEBRÚAR

SÝRLAND

HLJÓÐVERA · HLJÓÐSETNING · HÖNNUN

Vatnagördum 4 | Sími: 563 2910 | info@syrland.is | www.syrland.is

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

NÁMSKEIÐ BYRJA 26. janúar
kennt í JL-húsinu, Hringbraut 121
og á Korpúlfsstöðum

Vor 2009

www.myndlistaskolinn.is

BARNA- OG UNGLINGAÐEILD

3 - 5 ára

3-5 ára	lau.	10:15-12:00	Hildigunnur Birgisd./ Jóhanna H. Þorkelsdóttir
3-5 ára	mið.	15:15-17:00	Kristín Reynisdóttir
3-5 ára	þrið.	15:15-17:00	Kristín Reynisdóttir

6 - 12 ára

6 - 9 ára	Fjölbætt námsk.	lau.	10:15-12:00	Björk Guðnad.
6 - 9 ára	Fjölbætt námsk.	mán-þri-mið-fim-fös	15:15-17:00	Ína Salóme Hallgrímsd. Gerður Leifsd. Brynhildur Þorgeirsd. Anna Hallin, Björk Guðnad.
8 - 11 ára	Leirrennsla / mótun	fim.	15:45-18:00	Guðbjörg Káradóttir / Anna Hallin
10-12 ára	Teikning / Málun	mán.	15:00-17:15	Davíð Örn Halldórsson
10-12 ára	Myndasö./Hreyfing.	mið.	15:00-17:15	Þórey Mjallhvít / Baldur Björnsson
10-12 ára	Fjölbætt námskeið	fim.	15:00-17:15	Katrín Briem
10-12 ára	Fljúgandi rúm og stóll með eyru	fös.	15:00-17:15	Kristín Reynisdóttir
10-12 ára	Leirrennsla/Mótun	lau.	10:00-12:15	Guðbjörg Káradóttir / Anna Hallin

6 - 12 ára Korpúlfsstaðir útibú

6 - 9 ára	Fjölbætt námskeið	mán-þri-fös	15:15-17:00	Guðrún Vera Hjartard./ Brynhildur Þorgeirsdóttir / Anna Rún Tryggvadóttir
-----------	-------------------	-------------	-------------	---

Námskeið fyrir ungt fólk

13-16 ára	Leirmótun	fös.	16:30-19:30	Guðný Magnúsdóttir
13-16 ára	Myndasögur f. ungt fólk	lau.	10:00-13:00	Bjarni Hinriksson / Búi Kristjánsson
13-16 ára	Listaverkabókin	lau.	10:00-13:00	Margrét Lóa Jónsdóttir
13-16 ára	Myndrænar Rokkstjörnur	fös.	16:30-19:30	Sara Riel / Lóa Hlin Hjálmtýsdóttir

KERAMIKDEILD

Námskeið í leirrennslu og -mótun

Leirkerarennsla	mán. 17:30-20:15	Guðbjörg Káradóttir
Leirmótun/rennsla	þri. 17:30-20:15	Guðný Magnúsdóttir
Grundvallaratriði í keramíki	mið. 18:00-22:00	Guðbjörg Káradóttir Guðný Magnúsdóttir

TEIKNIDEILD

undirstöðugreinar sjónmennta

Teikning 1	mán. 17:30-21:30	Sólveig Aðalsteinsdóttir
Teikning 1 morgunt.	mið. 09:00-11:45	Eygló Harðardóttir
Teikning 1	mið. 17:30-21:30	Kristín Reynisdóttir
Teikning 2	þri. 17:30-21:30	Sólveig Aðalsteinsdóttir
Teikning 2 morgunt.	mið. 09:00-11:45	Katrín Briem
Teikn.3 Hreyfing-Rými-Túlkun	mið. 17:30-20:40	Sólveig Aðalsteinsdóttir/ Margrét Blöndal / Eygló Harðardóttir
Litaskynjun	fim. 17:30-21:30	Eygló Harðardóttir
Módelteikning	mán. 17:45-21:30	Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Módelteikning framhald	mið. 17:45-20:30	Katrín Briem

ÝMIS NÁMSKEIÐ

form/rými - bókaverk - portfolio - ljósmyndun - indesign

Form-Rými-Hönnun	mið. 17:30-20:40	Sólveig Aðalsteinsdóttir / Brynhildur Pálsdóttir / Guja Dögg Hauksd.
Myndlýsingar - Bókagerð	þrið. 18:00-20:45	Anja Kislich Þorvaldur Þorsteinsson / Brian Pilkington
Skapandi starfsvettv (portfolio)þri/fim	17:30-20:40	Ósk Vilhjálmsdóttir
Svart / hvít ljósmyndun	mán. 18:00-20:45	Erla Stefánsdóttir
Stafræn ljósmyndun	mán. 18:00-21:10	Brooks Walker
InDesign-Photoshop 4.- 7.feb. mi-fi-fö-lau		Magnús Valur Pálsson
Endurmenntunarnámskeið fyrir kennara silkiprykk/leir - nánar augl.síðar		

MÁLARAÐEILD

Málun • Vatnslitun • Litafræði

Vatnslitun fyrir byrjendur	þri. 17:30-20:15	Ásdís Arnardóttir
Vatnslitun framhald.	þri. 17:30-20:15	Hlíf Ásgrímsdóttir
Vatnslitun Teikning morgunt.	mið. 09:00-11:45	Hlíf Ásgrímsdóttir
Frjáls málun	fös. 13:00-15:45	Inga Þóra Jóhannsdóttir
Málun 1 (veturlangt)	þri. 17:30-20:15	Þorri Hringsson
Málun 1 (veturlangt) morgunt.	fös. 09:00-11:45	Þorri Hringsson
Málun 2 (veturlangt)	fim. 17:30-20:15	Inga Þóra Jóhannsdóttir
Málun 2 (veturlangt) morgunt.	fös. 09:00-11:45	Sigtryggur B. Baldvinsson
Framh. í málun, morgunt.	mið. 09:00-11:45	Inga Þóra Jóhannsdóttir
Málverk í anda raunsæis	lau. 10:00-12:45	Þorri Hringsson
Málað í gegnum listasöguna	mið. 17:30-20:15	JBK Ransú
Litaskynjun	fim. 17:30-21:30	Karl Jóhann Jónsson Birgir S. Birgisson JBK Ransú Eygló Harðardóttir

INNRIÐUN HAFIN

sími 551 1990 - kl.13-17

www.myndlistaskolinn.is



Guðrún Möller og Inga Kolbrún Hjartardóttir skólustjóri í versluninni Studio 1 sem rekin er í akademíunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nuddað, farðað og snyrt

Undir hatti Snyrtiakademíunnar eru fjórir skólar þar sem læra má snyrtingu, förðun, fóttaðgerðir og naglaásetningu.

Ilmur af kremum og olíu tekur á móti nemendum, kennurum og gestum sem ganga inn í húsnæði Snyrtiakademíunnar í Kópavogi. „Hér eru allir voðalega vel snyrtir,“ segir Guðrún Möller, framkvæmdastjóri akademíunnar, glaðlega við blaðamann sem langar að forvitnast um starfsemina.

Í ljós kemur að Snyrtiakademían samanstendur af fjórum skólum; snyrtiskóla, förðunarskóla, naglaskóla og fóttaðgerðaskóla. Hver skóli hefur sína aðstöðu í húsnæði Snyrtiakademíunnar og er hún öll til fyrirmyndar, með þeim tólum, tækjum og efnum sem til þarf. Vitaskuld þurfa nemendur að æfa sig á lifandi fólk og því dúlla nemendur hver við annan en á mánuðögum og fimmtudögum eru svokallaðir stofudagar þegar fólk utan



Fjölmargir nemendur stunda nám í skólum Snyrtiakademíunnar.

af götu getur pantað tíma og fengið snyrtingu af öllum toga á vægara verði en gerist á stofum þar sem atvinnumenn starfa. Til dæmis má fara í brúnkumeðferð fyrir 2.000 krónur, handsnyrtingu fyrir 3.000 krónur og litun og plokun fyrir 2.500 krónur. Þá verður í febrúar einnig hægt að fá fóttaðgerð í skólunum fyrir 2.800 krónur.

Guðrún segist finna fyrir auknum áhuga á námi í skólanum nú á fyrsta mánuði ársins. Enda er margir sem kjósa að fara í nám þegar staðan á vinnumarkaðnum versnar.

Hægt er að sækja um í skólunum gegnum vefsíðuna www.snyrtiakademian.is

-59

Nám í þriggja vikna lotum

Háskólasetur Vestfjarða tók til starfa um áramótin 2006 og hefur verið í örum vexti. „Við bjóðum til dæmis upp á meistaranám í samvinnu við Háskólann á Akureyri í umhverfis- og auðlindastjórnun með áherslu á haf- og strandsvæði,“ segir Ingi Björn Guðnason, verkefnastjóri við Háskólasetur Vestfjarða.

Námið er alþjóðlegt og kennt á ensku en Ingi Björn upplýsir að fólk þurfi ekki endilega að vera skráð í meistaranámið sjálft til að geta tekið einstaka námskeið. „Námskeiðin eru mjög fjölbreytt enda er námið þverfaglegt. Þau eru kennt í þriggja vikna lotum svo þau henta vel sem stök námskeið fyrir fólk sem vill endurmennta sig á viðkomandi sviðum,“ segir Ingi Björn og nefnir dæmi um námskeið sem verða kennt á árinu. „Næsta námskeið sem hefst 26. janúar fjallar um loftslagsbreytingar og stefnumörkun varðandi þær,“ segir hann en tekið er



Nemendur og kennarar í haf- og strandsvæðastjórnun í vettvangsferð.

MYND/HSVEST

við skráningum í stök námskeið um þessar mundir. Skráningarfrestur í meistaranámið sem hefst í haust er 15. apríl.

„Við sinnum öllum nemendum á Vestfjörðum sem eru í fjarnámi við háskóla en til dæmis er stór hópur hjúkrunarfræðinema sem

stundar fjarnám við Háskólann á Akureyri,“ upplýsir Ingi Björn sem segir mikinn áhuga og mikla þörf á háskólanámi fyrir fólk á Vestfjörðum.

Deim sem vilja kynna sér nánar starfsemi setursins er bent á vefsíðuna www.hsvest.is

-59



Enn er hægt að skrá í sig á nokkrar námsbrautir Endurmenntunar sem hefjast í lok mánaðarins.

Menntun opnar nýjar dyr

Í núverandi efnahagsástandi hafa margir þurft að minnka starfshlutfall eða jafnvel misst vinnuna. Þá er kjörið að auka við menntun sína. Slíkt opnar oft á tíðum nýjar dyr og styrkir einstaklinginn til að takast á við ný og krefjandi verkefni. Endurmenntun Háskóla Íslands hefur lengi boðið upp á fjölbreyttar námsbrautir sem eru kenndar fyrir utan hefðbundinn vinnutíma. Námsbrautirnar eru á háskólastigi og lögð er áhersla á hagnýtt nám.

Enn eru sæti laus í fjórum námsbrautum sem byrja í lok janúar. Þetta eru rekstar- og viðskiptanám sem er í boði í fjarnámi, verkefnastjórnun- og leiðtogaþjálfun, gæðastjórnun og svo kostnaðarstjórnun og -greining sem er ný námsbraut.

Margir þeirra sem hefja nám hjá Endurmenntun hafa ekki verið í skóla í langan tíma. Til þess að auðvelda nemum fyrstu skrefin í námi er öllum nýnemum boðið, sér að kostnaðarlausu, á námskeið í námstækni. Hjá Endurmenntun starfar einnig námsráðgjafi sem veitir upplýsingar um nám, námsmöguleika, forkröfur, uppbyggingu náms og væntanlegan afrakstur.

Þess má geta að öll stéttarfélög veita styrki til náms og um að gera að nýta sér það.



Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur er kennari á námskeiðinu ásamt séra Guðmundi Karli Brynjarssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikilvægustu spurningar lífsins

Alfanámskeið verður haldið í Lindakirkju nú á vorönn. Kynningarkvöld verður miðvikudaginn 14. janúar klukkan 20.

Alfa er tíu vikna námskeið, haldið einu sinni í viku, þar sem farið er í grundvallaratriði kristinnar trúar á einfaldan og þægilegan hátt í afslöppuðu umhverfi. Hvorki eru gerðar kröfur um trúarafstöðu né heimalærdóm eða aðrar skuldbindingar gerðar til þátttakenda.

Hver samvera hefst með léttum málsverði klukkan 19. Síðan er kennt í um 45 mínútur og eftir stutt hlé eru umræður í hópum. Að lokum er stutt helgistund. Námskeiðinu lýkur klukkan 22. Auk þess fara þátttakendur eina helgi saman út úr bænum.

Kennarar á námskeiðinu í Lindakirkju verða Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur og séra Guðmundur Karl Brynjarsson. Nánari upplýsingar á vefsíðu Lindakirkju www.lindakirkja.is.

● **LÉTTARI LÆRDÓMUR** Recall 2008 er námstækni hugbúnaður hannaður með það fyrir augum að auðvelda námsmönnum allt nám.

Hugmyndin á bak við Recall 2008 byggist á svokallaðri flash-card námstækni þar sem glósur eru skrifaðar upp sem spurningar á aðra hlið á spjaldi og svörin skrifuð á hina. Þannig er haldið áfram þar til viðkomandi hefur skrifað allar þær spurningar sem hann vill læra. Svo flettir hann í gegnum bunkann í þeim tilgangi að geta svarað spurningunum án þess að þurfa kíkja á svörin.

Í tilviki Recall 2008 eru glósurnar einfaldlega settar inn í forritið. Úr þeim má síðan spila með ýmsum hætti, sem ekki er hægt með blýanti og blaði. Til dæmis er hægt að nota myndir bæði með spurningum og svörum. Forritið getur búið til spurningar úr glósunum og lagt próf fyrir notandann. Það getur valið þær spurningar sem notandinn kann verr og leggur aukna áherslu á þær. Hægt er að búa til þúsundir spurninga sem taka lítið sem ekkert pláss á tölvunni og spjöldin má svo prenta út.

Nánari upplýsingar eru meðal annars veittar í síma 869-3518 eða með því að senda fyrirspurnir á hoddi@memor.is.



SPORT
besta sætið

Bílamúr hans Grétars
Í garðinum hjá Eidi
Porscheinn hennar Manuelu
Óli í köldu baði
Gardurinn hjá...
Logi og stelpurnar
Ég og Messi
Hemmi heima
Logi á Harley
Bíminn hans L...
Gelið hans Loga
Hemmi Presley
Aðdáendurn

ATVINNUMENNIR OKKAR

Ný þáttaröð þar sem Auðunn Blöndal leggur land undir fót og sækir heim okkar frægustu íþróttamenn. Við kynnumst ótrúlegu einkalífi þeirra og hörðum heimi atvinnumennskunnar.

FYRSTI ÞÁTTUR ER Á FIMMTUDAG KL. 20 Á SPORT.
FYRSTI ÞÁTTUR VERÐUR SÝNDUR SAMTÍMIS Á STÖÐ 2 Í KYNNINGARSKYNI.

Eiður Smári Guðjohnsen • Hermann Hreiðarsson • Grétar Rafn Steinsson • Guðjón Valur Sigurðsson • Logi Geirsson • Ólafur Stefánsson

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ÚTSALA! 25 - 70 % AFSLÁTTUR

Fagurkerar og aðrir áhugamenn um falleg heimili takið eftir. **Útsalan er hafin!** Það þýðir að þú getur fengið fallegri vörur á betra verði. **Parket, flísar, hreinlætistöki og hurðir.**

Opið:

Virka daga frá 9:00 - 18:00

Laugardaga frá 10:00 - 14:00

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 564 3500

Parki
INTERIORS

ORLANDO BLOOM
ER 32 ÁRA Í DAG

„Ég er ferlega rómantískur og nýt þess að dekra við kærusturnar mínar.“

Breska leikaranum Orlando Bloom skaut fyrst upp á stjörnuhimininn þegar hann lék Legolas í Hringadróttins sögu. Síðan hefur hann leikið í fjölda kvikmynda og meðal annars farið með hlutverk Wills Turner í Pirates of the Caribbean.




PETTA GERÐIST: 13. JANÚAR 1930

Myndasaga um Mikka Mús

Pennan dag árið 1930 kom út fyrsta myndasagan um teiknimynda- og myndasögu-persónuna Mikka Mús, en Mikki kom fyrst fram í teiknimynd Walt Disney, Plane Crazy árið 1928. Haldið er upp á afmæli Mikka hinn 18. nóvember ár hvert og varð hann því áttatíu ára í fyrra. Hann er ein þekktasta teiknimyndpersóna allra tíma.

Upphaflega var Mikki ávallt í rauðum stuttbuxum með alsvört augu. Útlit hans var svo endurskoðað eftir að Andrés Önd tók fram úr honum í vinsældum árið 1938. Þá fékk hann hvítu í



augun og betri föt en stór svört eyru einkenna hann einna helst.

Í teiknimyndum kemur Mikki gjarnan fram með Andrési, Guffa, besta vini sínum, og hundinum Plútó en í myndasögnum er hann oftast aðeins með Guffa, Plútó, Mínu Mús kærstunni sinni, Svarta-Pétrinu og kúnni Klörubellu. Skýringin er sú að Disney hefur í áratugi lagt áherslu á að halda Andabæ, söguheimi Andrésar andar, aðskildum frá söguheimi Mikka og Guffa.

MERKISATBURÐIR

- 1610 Galíleó Galílei uppgötvar Kallistó, fjórða tungl Júpíters.
- 1949 Milli fjalls og fjöru, fyrsta íslenska talmyndin í lit og fullri lengd, eftir Loft Guðmundsson, er frumsýnd.
- 1957 Wham-O-fyrirtækið framleiðir fyrsta frísbíðiskinn.
- 1975 Guðmundur Sigurjónsson tryggir sér stórmeistaratítill í skák, 27 ára að aldri, en hann var annar Íslendingurinn til að ná þessum áfanga.
- 1976 Jarðskjálfti, 6,5 stig á Richter, verður í grennd við Kópasker. Hann veldur miklu tjóni.
- 2002 George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, fellur í yfirlíð þegar saltkringla stendur í honum.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Oddný Guðrún Guðmundsdóttir

Skógarbæ
áður Lautasmára 12,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 11. janúar. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju mánudaginn 19. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Neistann, félag hjartveikra barna.

Vilborg Pétursdóttir
Guðmundur Pétursson
Sigríður Pétursdóttir
Hendrik Pétursson
Halldóra Pétursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Haraldsson
Elsa Jónsdóttir
Heiðar Vilhjálmsson
Marianne Hansen
Jóhann Helgason



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

Þórunn Scheving Thorsteinsson

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 9. janúar sl. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 15. janúar og hefst kl. 11.00.

Hólmfríður Jónsdóttir
Jón Múli Franklínsson
Stefán Scheving Thorsteinsson

Porlákur Gestur Jensen



Elsku móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ólöf Erla Kristinsdóttir,

lést föstudaginn 9. janúar sl. Útför auglýst síðar.

Laufey Erla Jóhannesdóttir
Arndís Birna Jóhannesdóttir
Kristinn Örn Jóhannesson
Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir
og barnabörnin.

Hannes Sigurðsson
Guðmundur Þórir Guðmundsson
Svanbjörg H. Einarsdóttir
Pétur Davíðsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hjördís Karlsdóttir,

Melalind 8, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 10. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

Sigurður Gisli Bjarnason
Guðrún Hjálmarisdóttir
Steinunn Þorsteinsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir
Steinar Sigurðsson
Ragnhildur Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Simon Friðriksson
Ásgrímur Þór Pálsson
Ragnhildur Sverrisdóttir
Smári Sveinsson



MIKIL ÞÖRF FYRIR STARFSEMINA Helgi segir að vel hafi gengið að koma starfsfólki Múlalundar út á hinn almenna vinnumarkað en að það sé þó gert á þeim hraða sem henti hverjum og einum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MÚLALUNDUR: FIMMTÍU ÁRA FARSÆL STARFSEMI SEM HEFUR SANNAÐ GILDI SITT

Ör mannskípti af hinu góða

Múlalundur, stærsta og elsta öryrkjavinnustofa landsins, fagnar fimmtíu ára afmæli í ár en fyrirtækið, sem er í eigu SÍBS, hóf starfsemi sína árið 1959. Í Múlalundi hefur fólk með skerta starfsorku átt þess kost að vinna létt störf við hagnýtan iðnað, auk þess sem því gefst kostur á að vinna sveigjanlegan vinnutíma.

„Óhætt er að segja að starfsemi hafi fallið í góðan jarðveg, en áður en fyrirtækið var stofnað hafði fjöldi fólks með skerta starfsorku reynt mánuðum og jafnvel árum saman að komast í vinnu við hæfi en án árangurs,“ segir Helgi Kristófersson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Strax árið 1960 þurfti að byggja við fyrstu húsakynninn í Ármúla og fjölgaði starfsmönnum þá úr tuttugu í fimmtíu. Stjórn SÍBS var svo árið 1978 falið að reisa nýja verksmíðju og semja við Öryrkjabandalagið um lóðina. 1.200 fermetra húsnæði að Hátúni 10c var síðan tekið í notkun árið 1982 sem síðar hefur þurft að stækka.

Fyrirtækið hefur framleitt fatnað, leikföng, sundhringi, innkaupaþöskur og bréfabindi en framleiðir nú nær eingöngu plast- og pappavörur fyrir skrifstofur. Þar eru ECLA bréfabindin hvað þekktust en auk þeirra eru framleiddar lausblaðabækur, dagatöl, glærar kápur, hulstur, ráðstefnu- og fundarmöppur, sérprentaðar möppur og barmmerki svo dæmi séu tekin. Þá selur fyrirtækið allt sem þarf til skrifstofuhalds en úrvalið má sjá á heimasíðunni www.mulalundur.is.

Hjá Múlalundi starfa bæði þeir sem glíma við andlega og líkamlega örorku. „Aðstaðan gerir okkur kleift að taka á móti öllum nema blindum,“ segir Helgi.

Hann segir vinnustaðinn hafa sannað sig og að mörg ánægjuleg dæmi séu um einstaklinga sem hafi lent í áföllum, komið til vinnu í Múlalundi



Starfsemin flutti frá Ármúla 34 í Hátún 10c árið 1982.

og í framhaldinu farið í nám eða út á hinn almenna vinnumarkað.

„Þessi vinnustaður hefur þá sérstöðu að hér þykir gott að mannskíptin séu ör,“ segir Helgi en vel hefur gengið að koma starfsfólki Múlalundar út á hinn almenna vinnumarkað. „Hér fær fólk stuðning til að vinna upp líkamlegan jafnt sem andlegan styrk og er markmiðið að koma sem flestum út á hinn almenna markað en þó á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Þörfin fyrir starfsemi er mikil og hefur hún skilað þjóðfélaginu gríðarlegum fjármunum en auk þess er það vinnuafli sem fer hér í gegn ómetanlegt,“ segir Helgi. Nú starfa 58 manns hjá fyrirtækinu en alla tíð hafa færri komist að en vilja.

Helgi vonast til að landsmenn velji íslenskt nú á afmælisári fyrirtækisins sem og endranær. „Mér finnst að Íslendingar ættu að leggja sig fram um að velja íslenskt og þá sérstaklega ef vörurnar eru á samkeppnishæfu verði.“

vera@frettabladid.is



Auglýsing frá Múlalundi sem birtist í Víkunni árið 1965.

Áframhaldandi öryggi á Netinu

SAFT undirritaði nýlega samning til næstu tveggja ára um áframhaldandi stuðning ESB við vakningaráttakerfni um örugga og jákvæða notkun Netsins og tengdra miðla.

Sammingsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins fyrir Íslands hönd. SAFT hefur rekið vakningaráttakerfi síðan í október 2004. Í september 2008 lauk þriðja hluta þess.

Markmið SAFT er að reka vakningaráttakerfi um örugga og jákvæða notkun Netsins og nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara og fyrirtækja í upplýsingaiðnaði, fjölmiðla og stjórnvalda. Verkefnið snýst um að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt.

Formlegir samstarfsaðilar verkefnisins á Íslandi eru Lýðheilsustöð, sem mun vinna að ýmsum fræðslumálum og ráðgjöf, og Capacent Gallup, sem mun gera viðamikla könnun á Net- og nýmiðlanotkun Íslendinga.



VIÐ UNDIRRITUN Ólafur Magnússon frá Capacent Gallup, Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla, Jenný Ingu-dóttir frá Lýðheilsustöð og Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.



Móðir mín, amma og langamma,

Kristín Þorvarðardóttir

Dvalarheimilinu Fellaskjólí, Grundarfirði,

sem lést sunnudaginn 11. janúar, verður jarðsungen frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 17. janúar kl. 14.00.

Sigrún Þóra Indriðadóttir
Kristín Þórsdóttir
Rannveig Þórsdóttir
Sigrún Halldórsdóttir
og barnabörn. Þórður Guðmundsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingólfur Hallsson

Steinkirkju, Fnjóskadal, síðast til heimilis að Þórunnarstræti 108, Akureyri,

lést á gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri þriðjudaginn 6. janúar. Útförin fer fram í Akureyrarkirkju fimmtudaginn 15. janúar kl. 10.30. Hann verður jarðsungeninn í Illugastaðakirkju kl. 13.00 sama dag.

Lovisa Emília Sigurbjörnsdóttir

Ólöf Erla Ingólfssdóttir
Gunnar Hallur Ingólfsson
Elín María Ingólfssdóttir
Ásta Emma Ingólfssdóttir
Eiður Björn Ingólfsson
Sigurður Óli Ingólfsson
Jón Guðlaugsson
Matthías Páll Matthíasson
Auður Snjólaug Karlsdóttir
Guðmundur Breiðdal
Jóhannes Hilmisson
Sigurjóna Björk Andrésdóttir
Hulda Olsen
Hanna Stefánsdóttir
afabörn og langafabörn.



Elskuleg móðir okkar,

Arnfríður Jóhannsdóttir

Hellulandi,

lést 6 janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 15. janúar kl. 13.30.

Börn hinnar látnu.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sólveig Ingibergsdóttir

til heimilis að Lágtholti 10, Mosfellsbæ,

sem andaðist á heimili sínu 4. janúar sl., verður jarðsett frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 14. janúar kl. 11.00.

Albert Finnbogason
Finnbogi Albertsson
Dagný Albertsdóttir
Daniel Fogle, Arnar Stefánsson, Eva Finnbogadóttir, Albert Finnbogason og Sólbjartur Danielsson
Katrín Jóhannesdóttir



Okkar bestu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýðug, vináttu og samúð við andlát og útför eiginmanns míns, föður og afa,

Hreins Kristjánssonar,

Leirubakka 12, Reykjavík.

Sigríður Benný Jónasdóttir
Aðalheiður Hreinsdóttir
Patrekur Örn Róbertsson



Elskuleg móðir okkar, dóttir, stjúpmodir, systir, mágkona og frænka,

Margrét Oddsdóttir

skurdælknir og prófessor Birkigrund 39, Kópavogi,

lést á heimili sínu 9. janúar sl. Útför hennar fer fram í Grafarvogskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð styrktarfélagssins Göngum saman, til styrktar rannsóknnum á brjóstakrabbameini.

Oddur Björn Jónsson,
Sigurður Árni Jónsson,
Oddur Pétursson
Sigríður Jónsdóttir
Þorgrímur Darri Jónsson
Elias Oddsson
Ólöf Björk Oddsdóttir
Haukur Oddsson
Jóhanna Oddsdóttir
Pétur Oddsson
Sigurður Oddsson
og systkinabörn.
Magdalena M. Sigurðardóttir,
Hallsteinn Magnússon,
Ingibjörg Svavarsdóttir
Valdimar J. Halldórsson
Margrét Gunnarsdóttir
Jón Ólafur Sigurðsson
Sigurlín G. Pétursdóttir
Erla Helga Sveinbjörnsdóttir



Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur hlýðug og samúð við andlát og útför móður okkar,

Þórunnar Magnúsdóttur,

sagnfræðings, síðast á Dalbraut 27, Reykjavík.

Eygló Bjarnardóttir
Ingibjörg Bjarnardóttir
Erla Bít Bjarnardóttir
Magnús Bjarnarson
Guðrún Helgadóttir
Geir Ólafsson
Helgi Thorarensen




Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Margrét Ólafsdóttir Hjartar

frá Þingeyri,

lést á Víflsstöðum 19. desember. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks á 2. hæð að Víflsstöðum. Þökkum auðsýnda samúð.

Þórður Eiríksson
Margrét Eiríksdóttir
Edda Eiríksdóttir
Sigríður Eiríksdóttir
Björk Eiríksdóttir
Sæunn Eiríksdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.
Guðbjörg Haraldsdóttir
Gunnar G. Smith
Þórarinn Eypórsson
Curtis Ólafson
Gísli I. Gíslason



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Guðmundur Ingimundarson,

bifvélavirki, Lindartúni, Garði, (Gvendur á Garðstöðum),

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, föstudaginn 9. janúar. Útförin fer fram frá Útskálakirkju föstudaginn 16. janúar kl. 14.00.

Helga Sigurðardóttir
Sigurður Guðmundsson
Þórir Guðmundsson
Jónína Guðmundsdóttir
Guðjón Guðmundsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.
Ester Guðmundsdóttir
Ingibjörg Georgsdóttir
Þröstur Steinþórsson
Herborg Valgeirsdóttir



Ástkær faðir okkar, sonur, tengdafaðir, bróðir og afi,

Þorsteinn I. Sigurðsson,

húsasmíðameistari, Faxafeni 12, Reykjavík,

varð bráðkvaddur laugardaginn 3. janúar sl. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 14. janúar kl. 13.00.

Sígný Rós Þorsteinsdóttir
Sigurður Þorsteinnsson
Ágústa Helga Vigfúsdóttir
barnabörn og systkini.
Guðmundur Úlfar Jónsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Haraldur Sigurgeirsson

Grundarharvari 3,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt föstudagsins 9. janúar.

Halldóra Gunnarsdóttir
Guðbjörg Haraldsdóttir
Erna Haraldsdóttir
Sævar Haraldsson
Hafþór Haraldsson
Hörður Ármann Haraldsson
og barnabörn.
Einar Stefánsson
Steven Fishenbacher
Rakel K. Sigurhansdóttir
Iris Haraldsson

GLEÐILEGT NÝTT ÁR NÝR LITUR

ÚTSALA
Á BROTHER
TÆKJUM

FULLT VERÐ
550

NÚ BARA
299

BRÉFABINDI 4 LITIR

FULLT VERÐ
640

NÚ BARA
199

BRÉFABAKKI
SAFÍR GLÆR
OG KÍVÍ GLÆR

FULLT VERÐ
395

NÚ BARA
149

PENNABOX
BLANDAÐIR LITIR

SPJALDSKRÁRBOX SVÖRT

A5

FULLT VERÐ
2.775

NÚ BARA
1299

A6

FULLT VERÐ
1.485

NÚ BARA
799

FULLT VERÐ
935

NÚ BARA
499

A7

FULLT VERÐ
890

NÚ BARA
399

A7 GLÆRT M/PAPPÍR

GRIFFILL

skeifunni 11 · griffill.is

ALLTAF
ÓDÝRARI

GLÁS
AF BÍLASTÆÐUM!!!



OPIÐ

VIRKA DAGA 10-18
LAUGARDAGA 11-15



NOKKUR ORÐ
Alma Guð-
mundsdóttir

Töfra-sprotar á erfiðum tímum

Í kjölfar bankahrunsins hefur maður ósjálfrátt hugsað að „nú séu allar dyr lokaðar“. Ekkert verði gert fyrir neinn, engir peningar verði til í styrkveitingar á næstunni og ekki er laust við að maður upplifi hálfgerða innilokunarkennd hér á landi með ónýtan gjaldmiðil í vasanum.

Í þessu ástandi eru þó sem betur fer aðilar sem hafa rífið sig upp úr svartsýninni og notað tækifærið til að láta góða hugmynd verða að veruleika. Sprotafyrirtæki spretta nú upp eins og nýbyggingar árið 2007, þökk sé öflugri fólki og verðskulduðum stuðningi sem því er veittur.

Það var ánægjulegt að lesa greinina „Sköpunarkraftur gegn kreppu“ eftir Óssur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra um helgina, þar sem hann segir að skapandi sprotar og smáyrkjar þurfi vind í seglin frá

stjórnvöldum því markmið okkar á að vera að sigla út úr kreppunni með sterkara og betra atvinnulíf. Tæknipróunarsjóður hefur verið eflur á ári kreppunnar og hefur hann nú til umráða hærri fjárhæð en nokkru sinni, eða 690 milljónir, og veitir allt að 30 milljóna króna styrki til þriggja ára. Einnig má nefna fjölda annarra öflugra sjóða og féлага sem vilja taka þátt í að koma sköpun fólks á framfæri og efla ímynd Íslands út á við, svo sem ÚTÓN, útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, og Reykjavík Loftbrú svo eitthvað sé nefnt.

Fátt er meira hvetjandi en að sjá framtakssama aðila sem láta ekki deigan síga. Á tímum hópuppsagna og gjaldþrots fjölda fyrirtækja þarf svo sannarlega að skapa ný störf til að efla atvinnulíf og ég dáist að fólki sem lætur nú til sín taka í því skyni.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Faðir Hawaii-skyrtnanna látinn

Látinn er 86 að aldri, Alfred Shaheen, en hann er almennt látinn sá sem kom Hawaii-skyrtunum á kortið og gerði þær vinsælar meðal almennings.

Eins og Homer Simpson segir ganga nú bara tvær tegundir af mönnum í Hawaii-skyrtum, hommar og feitir partíkarlar. Skyrtunarnar, sem oft eru einnig kallaðar aloha-skyrtur, voru þó geysivinsæl tiskuvara einu sinni. Þær bárust til meginlands Bandaríkjanna með hermönnum sem dvöldu á Hawaii í seinna stríðinu. Þegar Hawaii-eyjar urðu 50. ríki Bandaríkjanna árið 1959 og túrismi hófst þar fyrir alvöru komust litríkar og munstraðar skyrtunarnar í tisku. Vinsældir þeirra urðu svo enn



KÓNGURINN Í HAWAII-SKYRTU Hönnuður skyrtunnar er nýlátinn.

meiri eftir að Elvis Presley sást í þeim í myndinni Blue Hawaii, sem kom úr 1961. Skyrtunarnar sem Elvis klæddist í myndinni voru einmitt hannaðar af Alfred Shaheen.

Tíunda sólóplatan

Gítarleikari Red Hot Chili Peppers, John Frusciante, gefur út sína tíundu sólóplötu 26. janúar. Platan nefnist The Empyrean og koma þar við sögu Flea, bassaleikari Red Hot, og Johnny Marr, fyrrverandi gítarleikari The Smiths.

„Sköpun sannrar tónlistar er ávallt í forgangi hjá mér,“ sagði Frusciante. „Stundum verð ég mjög tæknilegur í nálgun minni en síðan reyni ég líka að fylgja í fótspor guða tónlistarinnar. Listamaður verður alltaf að svara því hvaða andar fylgja honum í sköpun sinni. Það er allt í lagi ef þeir eiga í átökum innbyrðis.“

Bætti hann því við að engin áform væru uppi hjá Red Hot Chili Peppers um að taka upp nýja plötu á næstunni. Síðasta plata sveitarinnar, hin tvöfalda Stadium Arcadium, kom út árið 2006.



JOHN FRUSCIANTE Gítarleikari Red Hot Chili Peppers gefur út sína tíundu sólóplötu á næstunni.



Allir sem eru með verðtryggð fasteignaveðlán hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum eða öðrum fjármálafyrirtækjum með starfsleyfi hér á landi eiga rétt á greiðslujöfnun, uppfylli þeir skilyrði laganna. Lántakandi skal koma umsókn sinni á framfæri við viðkomandi lánastofnun og skal hún vera umsækjanda að kostnaðarlausu.



Umsókn um greiðslujöfnun fasteignaveðlána

Greiðslujöfnun er úrræði fyrir lántakendur til að léttu greiðslubrýði verðtryggðra lána þar til kaupmáttur eykst að nýju. Vakin er sérstök athygli á því að greiðslujöfnun lána mun leiða til aukins vaxta- og verðbótakostnaðar á lánstíma þar sem í henni felst frestun afborgana að hluta. Hægt er að óska eftir afnámi greiðslujöfnunar á lánum hvenær sem er og mun þá sú upphæð sem safnast hefur á jöfnunarreikning leggjast við höfuðstól lánsins og greiðast á eftirstöðvum lánstíma.

Umsóknir um greiðslujöfnun eru á vefsíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.


Starfsfólk Íbúðalánasjóðs er einnig reiðubúið til að veita viðskiptavinum aðstoð við umsóknir. Skilyrði fyrir greiðslujöfnun er að lán sé í skilum, ekki í frýstingu og ekki með greiðslujöfnun frá fyrri tíð.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969, fax: 569 6800

Loksins á Íslandi spægipylsan

ein vinsælasta í Danmörku



Fæst i verslunum



Winslet var stjarna kvöldsins

Kate Winslet var stjarna 66. Golden Globe-verðlaunahátíðarinnar en hún fór heim til Bretlands með tvær stytur. Sjónvarpsþátturinn 30 Rock stal senunni í sjónvarpsflokkunum.



SIGURSAEL Kate Winslet var stjarna kvöldsins; hún hlaut tvönn Golden Globe-verðlaun; fyrir Revolutionary Road og fyrir The Reader.

NORDICPHOTOS/GETTY

„Er þetta virkilega að gerast, þetta á ekki að vera hægt,“ voru orð Kate Winslet þegar hún tók við seinni verðlaunastyttunni sinni sem besta leikkona ársins. Gestir Beverly Hilton-hótelnsins trúðu varla sínum eigin augum og réðu sér tæpast fyrir kæti þegar í ljós kom að nafn Winslet hafði komið upp úr umslaginu. Annars vegar var Winslet verðlaunuð fyrir leik sinn í kvikmyndinni The Revolutionary Road eftir Sam Mendes og hins vegar fyrir aukahlutverk í kvikmyndinni The Reader. Landi Winslet, Danny Boyle, getur einnig vel við unað því kvikmynd hans, Slumdog Millionaire, var valin besta myndin og Boyle kjörinn besti leikstjórinn. Golden Globe-verðlaunin þykja ágætis vísbending um hvað koma skal á Óskarnum og Bretar geta í það minnsta hlakkað til stóra kvöldsins í Kodak-höllinni ef úrslitin verða eitthvað í líkingu við þetta.

Önnur stjarna kvöldsins var án nokkurs vafa Mickey Rourke. Þessi fornfrægi leikari var á góri leið í ruslakistu C-mynda þegar Robert Rodriguez réð hann til að leika hálfgerð skrímsli í Syndabælinu eða Sin City. Ferill Rourkes komst aftur á flug og má segja að hann hafi kórónað endurkomuna með Golden Globe-stytt-

unni fyrir frammistöðu sína í The Wrestler. „Þetta hefur verið löng leið,“ sagði Rourke þegar hann tók við gullhnettinum. Myndin fékk auk þess önnur verðlaun fyrir besta lagið, en það er gallabuxnarokkarinn Bruce Springsteen sem á heiðurinn að því. Það kom fáum á óvart að Heath heitin Ledger var valinn besti leikari í aukahlutverki sem Jókerinn í Batman-myndinni The Dark Knight.

„Hans verður

ávallt saknað en mun aldrei gleymast,“ sagði leikstjórinn Christopher Nolan sem tók við verðlaunum fyrir hönd Ledgers.

Loks var það gamanþátturinn 30 Rock sem átti hug erlendu pressunnar í Hollywood en Golden Globe er einmitt haldin á hennar vegum. Aðalleikarar þáttaraðarinnar, Tina Fey og Alec Baldwin, voru bæði verðlaunuð fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum sem sýndir eru á Skjá einum. Auk þess voru þættirnir valdir þeir bestu. Þáttaröðin Mad Men, sem er á dagskrá Stöðvar 2, var útnefnd besta þáttaröðin í dramatíska flokknum.

STJÖRNUR Í SJÓNVARPI

Leikhópurinn úr 30 Rock getur vel við unað. Þátturinn var valinn myndnasti þáttur ársins og þau Tina Fey og Alec Baldwin voru sömuleiðis verðlaunuð fyrir leik sinn.



NÝTT Í BÍÓ!

WILL SMITH SEVEN POUNDS LUXUS

EINHVERFA Í NÝJU LIÓSI SÓLSKINS DRENGURINN

TRANSPORTER 3

AUSTRALIA

INKHEART

QUANTUM OF SOLACE

THE DAY THE EARTH STOOD STILL

TAKEN

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

SEVEN POUNDS D	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
SEVEN POUNDS LUXUS D	kl. 8 - 10:30	L
SÓLSKINS DRENGURINN	kl. 5:30 - 8	L
TRANSPORTER 3	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16
AUSTRALIA D	kl. 4:30 - 8	12
INKHEART	kl. 3:45	10
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 4	L
THE DAY THE EARTH...	kl. 10:20	12

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

ÓDÝRT Í BÍÓ!

TRANSPORTER 3	kl. 6 - 8 - 10	16
AUSTRALIA	kl. 6:30 - 10	12
INKHEART	kl. 5:50 - 8 - 10:10	10
THE DAY THE EARTH...	kl. 8 - 10:20	12
QUANTUM OF SOLACE	kl. 5:30	12

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

SÓLSKINS DRENGURINN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
SEVEN POUNDS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
AUSTRALIA	kl. 5:30 - 9	12
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 6	L
TAKEN	kl. 8 - 10	16

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

SEVEN POUNDS	kl. 8 - 10:10	L
AUSTRALIA	kl. 7	12
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 5:50	L
INKHEART	kl. 5:50	10
SAW 5	kl. 10:10	16

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á **midu.is**

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

NÝTT Í BÍÓ LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

CHANGELING

TAKEN

SYNINGARTÍMAR

CHANGELING	kl. 6 og 9	16
BOLT 3-D - ÍSLENSKT TAL	kl. 4	L
INKHEART	kl. 4, 6, 8 og 10	10
SKOPPA OG SKRITLA	kl. 4	L
TAKEN	kl. 6, 8 og 10	16

SAMBÍÓIN

ROCKNRÖLLA

CHANGELING

YES MAN

THE SPIRIT

BOLT 3-D

CITY OF EMBER

TWILIGHT

ÁLFABAKKA

ROCKNRÖLLA	kl. 5:40 - 8 - 10:30	16
CHANGELING	kl. 5:30 - 8:30	16
YES MAN	kl. 6 - 8D - 10:20D	7
YES MAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	VIP
THE SPIRIT	kl. 8:20 - 10:30	12
BOLTI 3-D m/isl. tali	kl. 5:50(30)	L
CITY OF EMBER	kl. 5:50	7
TWILIGHT	kl. 8 - 10:20	12

KRINGLUNNI

ROCKNRÖLLA	kl. 8:10 - 10:30	16
YES MAN DIGITAL	kl. 8:20 - 10:30	7
THE SPIRIT DIGITAL	kl. 6 - 8:10 - 10:30	12
BOLT 3-D m/isl. tali	kl. 6	DIGITAL-3D
BOLT 3-D m/Ensku tali	kl. 6	DIGITAL-3D

SELFLOSS

YES MAN	kl. 8 - 10:20	7
CITY OF EMBER	kl. 8	7
APPALOOSA	kl. 10:20	16

AKUREYRI

THE CHANGELING	kl. 6 - 9	16
BOLT m/isl. tali	kl. 6	L
YES MEN	kl. 8	7
THE SPIRIT	kl. 10	12

KEFLAVÍK

ROCKNRÖLLA	kl. 8 - 10:20	16
YES MAN	kl. 8 - 10:20	7

PRÍÐJUDAGSBÍÓ KR. 500 Í DAG

Við mælum heyrnina þína ókeypis!

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu næst þegar þú átt leið í Kringluna. Það tekur aðeins stutta stund að fá heyrn sína mælda, en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Háþróuð heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

**TRYGGINGASTOFNUN
TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU
HEYRNARTÆKJA!**

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin, Kringlunni • Tímáptanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

Nýtt lag frá Lifun

Hljómsveitin Lifun vakti athygli síðasta sumar með laginu „Hörku djöfuls fanta ást“ eftir Björgvin Ívar Baldursson við texta Bjartmars Guðlaugssonar. Björgvin er sonarsonur Rúnar Júlíussonar.

Lifun, sem skírd er eftir þekktustu plötu Trúbrots, vinnur nú að sinni fyrstu breiðskífu sem á að koma út næsta sumar. Rúnar lagði til við sonarsoninn að hann útsetti lagið „Fögur fyrirheit“ og tæki það upp. Það lag er nú komið í spilun í útvarpi. Rúnar samdi lagið á sínum tíma fyrir safnplötuna Innrás: korn-



LIFUN Nýtt lag á leiðinni.

flex og kanaúlpur. Hann hafði nýlega heyrt hljómsveitina spila lagið á æfingu og lagt blessun sína yfir það þegar hann kvaddi jarðvistina svo óvænt.

Bretar hrifnir af Hjaltalín

Breskir gagnrýnendur eru ákaflega hrifnir af plötu íslensku hljómsveitarinnar Hjaltalín, Sleepdrunk Seasons. Gagnrýnandi Guardian, Michael Hann, biður hlustendur um að standast þá freistingu að líkja hljómsveitinni við Sigur Rós, tónlist þeirra eigi fátt ef eitthvað sameiginlegt. Hann fer síðan fögrum orðum um plötuna og hrósar söngvaranum, Högna Egilssyni. „Hann er ekki fullkominn söngvari en það er einmitt þessi ófullkomleiki sem kemur í veg fyrir að platan

lendi í sætabrauðsflokknum,“ skrifar Hann.

Gagnrýnandi Times, Dan Cairns, fer ekkert síður lofsamlegum orðum um plötuna. „Sleepdrunk Seasons virðist hafa verið gerð af aðeins einni ástæðu, að hafa gaman af því að gera tónlist,“ skrifar Cairns á afþreyingarvef Times. Hann líkir sveitinni við Sufjan Stevens og Arcade Fire. „Sveitin er þessi sjaldgæfi hlutur sem brýst fram á sjónarsviðið, algjörlega óþekkt og hrifur þig strax með,“ bætir Cairns við.



HRIFUR ÞIG STRAX Gagnrýnendur bæði Time og Guardian eru ákaflega hrifnir af plötu Hjaltalín, Sleepdrunk Seasons.

Hinn íslenski Harry Potter

Leikfélag Menntaskólans við Sund frumsýnir á næstunni rokksöngleik um galdratrákinn Harry Potter. Albert Hauksson fer með aðalhlutverkið en hann þykir ekkert sérstaklega líkur Harry Potter úr kvikmyndunum.



ADALLEIKARINN Albert Hauksson fer með hlutverk Harry Potter í uppfærslu Menntaskólans við Sund, en hann útsetur einnig alla tónlistina í sýningunni.

„Ég skrifaði leikgerð upp úr fjórðu, fimmtu og sjöttu bókinni. Fjórða og fimmta bókin hafa verið kvikmyndaðar svo fólk þekkir þær, en sú sjötta kemur ekki fyrr en næsta sumar svo við erum svolítið að fara að frumsýna það efni,“ segir Kolbrún Björt Sigfúsdóttir um hinn íslenska Harry Potter rokksöngleik sem leikfélag Menntaskólans við Sund er að setja upp um þessar mundir. Kolbrún skrifaði leikgerðina upp úr sögunum um galdratrákinn, íslenskaði texta við nokkur vel valin erlend lög og leikstýrir söngleiknum ásamt eiginmanni sínum Erlingi Grétari Einarssyni.

Albert Hauksson fer með hlutverk Harry Potter í uppfærslunni og aðspurð segir Kolbrún hann hafa selt þeim Erlingi hugmyndina í prufunum. „Albert er með glæraugu en ekki dökkhærður. Það hjálpar okkur svolítið að gera þetta ólíkt kvikmyndunum því við viljum ekki apa eftir þeim. Við leggjum til dæmis meiri áherslu á hluta Voldemorts og ástarsöguna í þessu með sambandi Hermione og Rons,“ segir Kolbrún.

Söngleikurinn verður frumsýndur 17. febrúar í Loftkastalan-

um, sem mun á sama tíma opna eftir eigendaskipti undir rekstrarstjórn Bjarna Hauks Þórssonar. „Við ætlum að vera svolítið grand á því á frumsýningunni. Það var

mikill heiður að fá inni í Loftkastalanum því fleiri sóttust eftir að sýna á þessum tíma, svo við erum mjög ánægð,“ segir Kolbrún.

alma@frettabladid.is

Selur líkkistu pabba síns á eBay

Sonur rokkarans The Big Bopper ætlar að selja líkkistu pabba síns á eBay og nota peninginn sem fæst af sölu til að fjármagna kvikmynd um ævi rokkarans. The Big Bopper, öðru nafni Jiles Perry Richardson Jr., lést í sama flugslysi og Buddy Holly og Richie Valens árið 1959. Buddy var frægastur þremminganna en Richie öðlaðist seinbúna frægð eftir kvikmyndina La Bamba. Nú vill sonur The Big Bopper, Jay Perry, reyna að koma pabba gamla í sama flokk með kvikmyndinni.



THE BIG BOPPER Lést 28 ára en líkkista hans fer bráðlega á eBay.

Kistan var grafinn upp árið 2007 því fjölskyldan vildi koma hinum látna fyrir á betri stað. Kistan var opnuð og þá sá Jay pabba sinn í fyrsta skipti því hann fæddist þremur mánuðum eftir flugslysið. Líkamsleifar rokkarans voru í góðu ástandi og meðal annars hafði rokkargreiðslan haldið sér að mestu. Rokkarinn var grafinn aftur í

nýrri kistu og fylgir því ekki með í kaupunum.

Sonurinn kallar sig The Big Bopper Jr. Hann er nú að verða fimmtugur og hefur tileinkað líf sitt gamla rokkinu. Hann heldur úti netsíðu um pabba sinn og spilar með bandi sem spilar gamaldags vagg og veltu.

Tónlistarnám fyrir þig!

popp blús djass sönglög



Skemmtilegt tónlistarnám sem hentar fólki á öllum aldri, jafnt byrjendum sem lengra komnum.

Frístundakort

- Píanó
- Harmónikka
- Raf- og Kassagítar

NÝTT ■ Lagasmíðar / Gítar Guðmundur Jónsson

NÝTT ■ Bassagítar Friðrik Sturluson



Frábært tækifæri. Guðmundur Jónsson og Friðrik Sturluson úr Sálinni hafa bæst í hóp einvalaliðs kennara hjá Tónheimarum

Kennsla hefst 19. janúar

Nánari upplýsingar og skráning á www.tonheimar.is og í síma 846 8888

tónheimar

tónheimar

Gægst inn um gluggann

Í upphafi heimildarmyndarinnar *Sólskinsdregurinn* er áhorfendum greint frá því að samkvæmt rannsóknunum sé einn af hverjum 150 einstaklingum með fötlun á einhverfurófinu, sem þýðir að um 2.000 Íslendingar glíma við þetta samansafn einkenna sem tengjast truflun á taugabroska. Þetta er sannarlega sláandi há tala í augum þeirra sem hingað til hafa ekki verið meðvitaðir um fötlunina, umfang hennar og helstu einkenni. Góðu heilli ætti vitneskja um einhverfu og áhugi þeirra sem berja *Sólskinsdregurinn* augum að stig-magnast eftir því sem líður á myndina, sem megnar að vera í senn fræðandi (á skiljanlegu mannamáli), persónuleg og falleg.

Áhorfendur fylgja foreldrunum Margréti og Þorsteini í leit að úrræðum fyrir son sinn Kela, sem haldinn er hæsta stigi einhverfu. Leiðin liggur um þver og endilöng Bandaríkin auk Bretlands og Danmerkur. Í gegnum samtöl við færustu sérfræðinga, aðstandendur annarra einhverfra barna og einstaklinga sem brotist hafa frá einkennunum kviknar sú von að frekar sé mögulegt að frelsa Kela undan fötlun hans (að finna gluggann, eins og höfundur hraðhvata-meðferðarinnar sem Keli bregst svo undravel við í myndinni kallar það) en foreldrunum hafði áður dottið til hugar. Um leið eru bæði söguhetjur og áhorfendur upplýst um stöðu meðferðarrræða hér á landi, sem virðast gjalda kunn-



áttu- og peningaleysis þótt ýmislegt sé vel gert í þeim efnum.

Í einu af mörgum eftirminnilegum atriðum segir Margrét frá þeirri sorg og gremju sem hún finnur fyrir þegar hún hugleiðir hvað hefði getað orðið ef gagnleg meðferð fyrir Kela hefði uppgötvast fyrr. Með það í huga verður að teljast líklegt að áhorf á *Sólskinsdregurinn* verði mörgum aðstandendum eldri einhverfra erfitt, enda sannað að því fyrr á lífsleiðinni sem gripið er inn í með meðferð, þeim mun meiri er vonin um árangur. Einnig verður ekki komist hjá því að floga hvort efnahagskreppan, með fyrirhuguðum niðurskurði á velferðarkerfinu, muni koma niður á þeim úrræðum sem þó eru til staðar hér. Í því augnamiði að sporna við slíkri þróun gæti myndin hreinlega

KVIKMYNDIR

Sólskinsdregurinn

Leikstjóri: Friðrik Þór Friðriksson

★★★★★

Persónuleg og upplýsandi heimildar-

reynst bráðnaðsynleg.

Efnið er í eðli sínu viðkvæmt, en boðskapurinn kemst í gegn án þess að gripið sé til tilfinningakláms af nokkru tagi. Vel er í lagt og greinilegt að fjármagnið hefur verið skynsamlega nýtt, enda allur óþarfa íburður og þrjá af skornum skammti. Tæknivinnsla er fagleg og tónlistin, sem er að mestu í höndum Sigurrosar, hentar viðfangsefninu fullkomlega. *Sólskinsdregurinn* er frábær heimildarmynd sem skiptir máli.

Kjartan Guðmundsson

> Spilaði með þjálfurunum í Hollandi

Nýi bandaríski leikmaðurinn hjá Snæfelli, Lucious Wagner, spilaði með þjálfurunum Hlyni Bæringssyni og Sigurði Þorvaldssyni, þegar þeir léku með Woon!Aris í hollensku deildinni 2005-2006 og var þá með 15,6 stig og 6,9 stoðsendingar að meðaltali í leik. Wagner sem er 193 cm bakvörður lék síðast í Líbanon og Tékklandi. Í fyrra skoraði hann 15,3 stig að meðaltali í tékknesku deildinni og veturinn 2006-2007 var hann með 13,6 stig að meðaltali í finnsku deildinni.



sport
sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR STEINARSSON: GENGUR Í RAÐIR FC VADUZ FRÁ LIECHTENSTEIN Á SEX MÁNAÐA SAMNINGI

Það voru margir möguleikar í stöðunni

Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson heldur út til Liechtenstein á morgun þar sem hann mun gangast undir lækniakönnun og skrifa undir sex mánaða samning við FC Vaduz á fimmtudag, með möguleika á framlengingu um eitt ár. Félagið er frá Liechtenstein en leikur í svissnesku úrvalsdeildinni.

„Þetta er bara mjög spennandi. Stefnan hjá mér var að komast í Evrópubolta í þökkalega sterkri deild og ég varð strax mjög hrifinn af því hvernig málum var háttað hjá FC Vaduz þegar ég fór þangað út til æfinga. Ég er náttúrulega líka með fjölskyldu og það þurfti að huga að því og þetta lítur líka allt saman vel út í því samhengi. Ég mun skrifa undir sex mánaða samning til að byrja með en þar er jafnframt ákvæði um framlengingu um eitt ár til viðbótar ef báðir aðilar eru samþykktir því,“ segir Guðmundur.

Guðmundur átti sem kunnugt er frábært tímabil með Keflavík í Landsbankadeildinni síðasta sumar og varð markakóngur deildarinnar með sextán mörk og var sva valinn besti leikmaður mótsins á lokahófi KSÍ. Hann fékk margar fyrirspurnir frá erlendum félögum eftir

tímabilið en FC Vaduz varð fyrir valinu á endanum.

„Það var búið að vera mikið um að vera hjá mér síðan tímabilinu lauk hér heima og margir möguleikar í stöðunni fyrir mig og ég var svona búinn að vera að sigta út hvað mér fannst vera mest spennandi. Ég var því búinn að halda mér í formi eftir tímabilið þar sem ég vissi að ég væri á leiðinni eitthvert út til reynslu og það væri því eins gott að vera tilbúinn þegar kallið kæmi til að geta boðið upp á eitthvað,“ segir Guðmundur.

Svissneska úrvalsdeildin hefst að nýju eftir vetrarfrí í byrjun febrúar og Guðmundur getur vart beðið eftir því að komast af stað að nýju.

„Það verður stórkostlegt að komast aftur í bolta. Liðið er sem stendur í niunda sæti af tíu liðum, en hópurinn er ungur og þarna eru finnr spilarar innanborðs. Ég er fenginn til þess að bæta sóknarleikinn hjá félaginu og það verður bara skemmtilegt að fá að prófa sig í þessari deild þannig að tilhlökkunin er mikil.“



HERMANN Óhress með að fá ekki að spila hjá Portsmouth. NORDIC PHOTOS/GETTY

Mál Hermanns Hreiðarssonar:

Skýrast líklega í næstu viku

FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson hefur ekki farið leynt með óánægju sína að fá ekki að spila reglulega hjá Portsmouth og vill því leita á önnur mið.

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hermanns, segir Portsmouth og Coca-Cola Championship-félagið Reading vera að ræða saman um hugsanleg félagaskipti.

„Þetta mál er bara í vinnslu og í fullri vinnslu á milli Portsmouth og Reading. Vonandi skýrast hlutirnir í næstu viku, á hvorn veginn sem verður. Ef Hermann fer þá vill Portsmouth alla vega síður missa hann í félag sem er á svipuðum slóðum og Portsmouth í úrvalsdeildinni,“ segir Ólafur. - óþ

Grindvíkingar komnir aftur í gang

Grindvíkingar voru í stuði í öruggum 27 stiga bikarsigri á ÍR-ingum. Skyttur liðsins röðuðu niður þristum og Brenton Birmingham slökkti á einum besta sóknarmanni landsins og hélt honum í 9 stigum í gærkvöld.

KÖRFUBOLTI „Ég er mjög ánægður. Við spiludum vel í þessum leik, vorum áræðnir í sókninni og spiludum fína vörn,“ sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, eftir öruggan 27 stiga sigur á ÍR, 105-78, í 8-liða úrslitum Subway-bikars karla í Grindavík í gærkvöldi.

ÍR-ingar hafa tvisvar sinnum fagnað bikarmeistararitlinum og í bæði skiptin slegið Grindavík út í Röstinna á leiðinni í Höllina en það var aldrei á dagskránni hjá heimamönnum sem komu mjög grimmir til leiks eftir tap á móti Stjörnunni í síðasta leik.

„Við mættum illa undirbúnir andlega í síðasta leik og mættum í þann leik eins og þetta kæmi allt af sjálfu sér. Við fengum rassskellingu sem við áttum skilið. Við ákváðum að snúa bókum saman, taka þetta sem lexíu og læra af þessu,“ sagði Friðrik. Grindavík komst í 10-0 og réði ferðinni allan leikinn.

ÍR-ingar réðu ekkert við Páll Axel Vilbergsson sem skoraði 25 stig og sex þriggja stiga körfur í fyrri hálfleik og þá slökkti Brenton Birmingham nánast á Hreggviði Magnússyni með frábærri vörn.

„Páll Axel var svakalega heitur í fyrri hálfleik. Brenton getur spilað rosalega vörn sem að hann gerði í þessum leik. Þetta er örugglega besta vörnin sem Hreggviður hefur fengið á sig í vetur,“ sagði Friðrik en Hreggviður skoraði aðeins 9 stig á 26 mínútum, klikkaði á 12 af 15 skotum sínum og tapaði fjórum boltum að auki.

Páll Axel skoraði 29 stig og Brenton var með 21 stig og léku þeir báðir mjög vel í gærkvöldi eins og Páll Kristinsson sem skoraði 19 stig á 23 mínútum.

Það var einnig frábært að fylgjaast með leikstjórn þeirra Arnars Freys Jónssonar og Helga Jónas Guðfínssonar sem voru með 19 stoðsendingar saman.



ÁNÆGÐUR Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, gat ekki verið annað en mjög ánægður með frábæra alhliða spilamennsku Grindvíkinga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hjá ÍR voru Steinar Arason og Ómar Sævarsson bestir auk þess að Eiríkur Önundarson lék mjög

vel þar til hann þurfti að fá sér sæti á bekknum vegna villuvand- ræða. ooj@frettabladid.is

Átta liða úrslit Subway-bikars kvenna í gærkvöld:

Auðvelt hjá Keflavík

KÖRFUBOLTI Keflavík vann Hamar 102-57 í átta liða úrslitum Subway-bikars kvenna í Keflavík í gærkvöld.

„Þetta var bara einn af þeim leikjum þar sem allt gekk upp hjá okkur. Ég var gríðarlega sáttur hvað lið mitt mætti brjáláð til leiks. Þetta sýnir það bara að við erum á réttri leið,“ segir Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, í leikslok.

„Það er ekkert launungarmál að ég hef ekki orðið bikarmeistari og mig langar það mjög mikið og það er mikill hugur í liðinu og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að fara alla leið en það verður ekki auðvelt,“ segir Jón Halldór.

Keflavík byrjaði leikinn af krafti og leiddi 29-17 eftir fyrsta leikhlutu og hélt svo uppteknum hætti

í öðrum leikhlutu og staðan í hálfleik var 56-36.

Hamarstúlkur máttu sín lítils gegn öflugri vörn Keflavíkur í þriðja leikhlutu þar sem gestirnir skoruðu aðeins sjö stig gegn tuttugu stigum Keflavíkur.

Tuttugu og þriggja stiga forskot Keflavíkur var vitalega of stór biti fyrir

Hamar í lokaleikhlutunum og Íslandsmeistararnir sigldu sigrinum örugglega í höfn en lokatölur urðu 102-57.

Ásamt Keflavík náðu Valur og Skallagrímur að tryggja sér farseðilinn í undanúrslit í gær en KR var þegar komið þangað. Valur vann störsigur, 26-82, gegn Fjölni og Skallagrímur vann Heklu 88-39. - óþ

FRÁBÆR Pálina Gunnlaugsdóttir átti góðan leik fyrir Keflavík í gær og skoraði 29 stig.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÚRSLIT

Subway-bikar karla

Grindavík-ÍR 105-78 (63-48)
Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 29 (7 fráköst), Brenton Birmingham 21, Páll Kristinsson 19 (8 fráköst), Guðlaugur Eyjólfsson 12, Þorleifur Ólafsson 9, Arnar Freyr Jónsson 7 (11 stoðsendingar), Nökkvi Jónsson 5, Björn Brynjólfsson 3.
Stig ÍR: Steinar Arason 20, Ómar Sævarsson 16 (10 fráköst), Eiríkur Önundarson 16, Ólafur Ingvarsson 9, Hreggviður Magnússon 9 (7 frák.), Daði Grétarsson 6, Sveinbjörn Claessen 2.

Subway-bikar kvenna

Keflavík-Hamar 102-57 (56-36)
Stig Keflavíkur: Pálina Gunnlaugsdóttir 27, Birna Valgarðsdóttir 19 (13 fráköst), Lóa Másdóttir 8,

Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 8 (7 fráköst), Halldóra Andrésdóttir 7, Hrönn Þorgrímsdóttir 6, Rannveig Randversdóttir 6, Bára Bragadóttir 6 (7 fráköst), Marín Karlsdóttir 4.

Stig Hamars: Fanney Guðmundsdóttir 16 (14 fráköst), Lakiste Barkus 13, Hafún Hálfánardóttir 8 (8 fráköst), Jóhanna Sveinsdóttir 7, Iris Ásgeirsdóttir 5, Rannveig Reynisdóttir 3, Dúfa Ásbjörnsdóttir 3, Salbjörg Sævarsdóttir 2.

Fjölnir-Valur 26-82 (10-41)

Stig Fjölnis: Birna Eiríksdóttir 17, Efemia Sigurbjörnsdóttir 7, Margrét Loftsdóttir 2.

Stig Vals: Þórunn Bjarnadóttir 26 (9 fráköst), Lovísa Guðmundsdóttir 14, Kristjana Magnúsdóttir 11, Signý Hermannsdóttir 8 (9 fráköst), Kristín Óladóttir 7, Tinna Sigmundsdóttir 5, Hafís Helgadóttir 4, Berglind Ingvarsdóttir 3, Elin Karlsdóttir 2, Guðrún Baldursdóttir 2.

Skallagrímur-Hekla 88-39 (42-24)

STARFSMENNTARÁÐ

Styrkir

vegna starfsmenntunar

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu, sbr. lög nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. **Umsóknarfrestur er til 30. janúar 2009.**

Starfsmenntaráð hvetur umsækjendur til að sækja um verkefni sem falla undir eftirfarandi áherslur:

- 1. Verkefni sem tengjast erfiðri stöðu á vinnumarkaði.**
Gæðaverkefni sem nýtast þeim hópum sem misst hafa atvinnu eða eru í sérstakri áhættu með að missa vinnuna.
- 2. Opinn flokkur.**
Verkefni þar sem áhersla er á nýsköpun og þróun í starfsmenntun og tengjast erfiðri stöðu fyrirtækja til að sinna þessum þáttum á samdráttartímum í atvinnulífi.

Áhersla er lögð á að öll verkefni sem sótt er um styrk til séu vel undirbúin og umsóknir vandaðar. Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi á heimsíðu Starfsmenntaráðs www.starfsmenntarad.is

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Starfsmenntaráðs www.starfsmenntarad.is



ENGINN FER EINN
Í GEGNUM LÍFIÐ

- ástvinir lifa í skugga áfalls
og góðir vinir styrkja vin til bata

Happdrætti SÍBS byggir á einstakri hugsjón, við byggjum upp endurhæfingu að Reykjalundi fyrir þúsundir Íslendinga sem fá áfall og þurfa aðstoð til að takast á við lífið á ný.

Byggjum saman á vináttu
– veldu þér vinanúmer núna í síma **552 2150** eða á **sibs.is**.
Í verðlaun færðu möguleika á mörgum milljónavinningum.

40 milljónir á mánuði 2009
DRÖGUM Á MORGUN

35.271 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1.000 kr.



HAPDRÆTTI



...fyrir lífið sjálft

> Alexis Bledel

„Mig langar til að leika flóknar persónur en á meðan það er ekki í boði þá held ég mig við það sem ég geri best.“

Bledel fer með hlutverk Rory Gilmore í þættinum Mæðgurnar (Gilmore Girls VII) sem sýndur er í sjónvarpinu í kvöld.



VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON VILL ENGAR LOPAPEYSUR Á SKJÁNUM

Sjónvarpsstjörnur, fáid ykkur stílista!

Það var áreiðanlega með vænum skammti af húmor sem þær sætu sjónvarpsstjörnur Ragnhildur Steinunn og Eva María sköruðu rauðum mynstruðum ullarpeysum og gallabuxum síðastliðið laugardagskvöld þegar undankeppni Eurovision-hörnunganna hófst. Ég komst því miður ekki hjá því að heyra þessi dásemdarlög sem í boði voru þar sem smáfólkið á heimilinu er sérstaklega áhugasamt um allt sem tengist þessari blessuðu keppni. Kvöldið áður höfðu reyndar farið fram samræður um hvaða tónlist væri mikilvæg og hver ekki þannig að ég var fegin að heyra börnin þúa öll herlegheitin niður eftir hvert lagið á fætur öðru. Dóttir mín tók meira að segja svo sterkt til orða þegar eitt lagið var spilað að hún stökk fram og sagðist þurfa að kasta upp þar sem atriðið væri svo vandræðalegt. Móðir-in sat hins vegar aðallega hvumsa yfir fatavali þeirra Ragnhildar og Evu Maríu og spurði sig hver í ósköp-



SVÖL SJÓNVARPSSTJARNNA
Hin breska Alexa Chung kann þetta.

unum ætti í alvörunni rauða mynstraða lopapeysu í fataskápnunum og af hverju? Hvað næst, flísgallar og sokkaleistar? Við áhorfendur viljum smart sjónvarpsfólk, og ég tala nú ekki um þegar áskriftin er pind upp á okkur. Eflaust er erfitt að vera fyrir gagnrýnum augum allra daglega í sjónvarpi en er það ekki enn meiri ástæða til þess að ráða sér góðan stílista og vera bara helviti smart. Flestar sjónvarpskonur, ungar sem aldna í íslensku sjónvarpi eru bara svo undarlega „BORING“ í klæðavali. Hvar er glamúrinn? Um daginn var breska sjónvarpsþjálfari Alexa Chung valin ein best klædda kona Bretlands og átti stúlkan það líka skilið. Hennar persónulegi stíll er skemmtileg blanda af nýju og notuðu ásamt vænum skammti af „sixties“ svalheitum. Skítt með kreppuna, við viljum sjá sjónvarpsstjörnurnar okkar henda lopapeysunum og kerlingarlegu fötunum og vera tiskufyrirmyndir fyrir okkur hinar.

dagskrá

PRÍÐJUDAGUR



▶ 19.20 Survivor SKJÁREINN



▶ 19.40 Bristol City - Portsmouth STÖÐ 2 SPORT



▶ 20.30 Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ 21.00 Burn Notice STÖÐ 2



▶ 21.25 Viðtalið SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 16.05 Mótorsport 2008 (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.25 Bjargvætturinn (12:26)
- 17.50 Latibær (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.15 Mæðgurnar (Gilmore Girls VII) (8:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.
- 20.55 Ellen 100 ára (Ellen 100 ár) Danskur þáttur um ævintýrakonuna Ellen Bentzen sem fagnar aldarafmæli sínu og þakkar háan aldur sinn óþæpilegri neyslu á smjöri, sykri og áströlsku rauðvíni.
- ▶ 21.25 Viðtalið - Uffe Elleman-Jensen Bogi Ágústsson ræðir við Uffe Elleman-Jensen, fyrrverandi utanríkisráðherra Dana m.a. um þá atburði sem gerðust er hann var utanríkisráðgjafi 1982-1993, er kommúnisminn hrundi og kalda stríðinu lauk og breytingar á dönsku samfélagi.

- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Dauðir rísa (Waking the Dead V) (5:12) Breskur sakamálaflakkur um Peter Boyd og félag hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Aðalhlutverk: Trevor Eve, Sue Johnston, Félicité Du Jeu og Esther Hall.
- 23.15 Lögmál Murphys (Murphy's Law IV) (5:6) (e)
- 00.10 Kastljós (e)
- 00.45 Dagskrárlok

BIÓ

- 08.15 Pokemon
- 10.00 About Last Night
- 12.00 The Truth About Love
- 14.00 The Holiday
- 16.15 Pokemon
- 18.00 About Last Night
- 20.00 The Truth About Love Rómantísk gamanmynd með Jennifer Love Hewitt í aðalhlutverki.
- 22.00 All the King's Men
- 00.05 Blow Out
- 02.00 Bodywork
- 04.00 All the King's Men
- 06.00 Night at the Museum

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Gulla og grænjaxlarnir, Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (229:300)
- 10.15 Beauty and The Geek (9:13)
- 11.15 The Celebrity Apprentice (11:13)
- 12.00 Project Runway (8:15)
- 12.45 Neighbours
- 13.10 Nobody's Baby
- 15.00 Sjáðu
- 15.35 Saddle Club
- 15.58 Tutenstein
- 16.18 Stuðboltastelpurnar
- 16.43 Ben 10
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Neighbours
- 17.58 Friends
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.34 Veður
- 19.45 The Simpsons (8:23)
- ▶ 21.00 Burn Notice (6:13) Njósnaþráttur um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heimsækir tilvondandi tengdaforeldra sína til að tilkynna þeim að dóttir þeirra eigi von á barni og að hann ætli að giftast henni.
- 20.35 How I Met Your Mother (1:20)
- ▶ 21.00 Burn Notice (6:13) Njósnaþráttur um Michael Westen kemst að því að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta ekki verndar yfirvalda.
- 21.45 Rescue Me (5:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félag hans á slökkvístöð 62 í New York. Denis Leary fer með aðalhlutverkið.
- 22.30 The Daily Show. Global Edition
- 22.55 Kompás
- 23.25 Papparazzi
- 00.45 Nobody's Baby
- 02.35 Silent Witness (2:10)
- 03.30 Rescue Me (5:13)
- 04.15 Burn Notice (6:13)
- 05.00 The Simpsons (8:23)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 17.40 Gillette World Sport 2009 Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
- 18.10 NBA Action Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-köruboltanum.
- 18.40 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
- 19.10 Ensku bikarmörkin 2009 Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarnum og öll helstu tilþrifin skoðuð.
- ▶ 19.40 Enska bikarkeppnin Bein útsending frá leik Bristol City og Portsmouth.
- 21.45 PGA Tour 2009 Sýnt frá hápunktum PGA-mótaraðarinnar í golfi.
- 22.40 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadium í Kaliforníu.
- 23.35 Enska bikarkeppnin Útsending frá leik Bristol City og Portsmouth.

SPORT 2

enski boltinn

- 14.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Everton og Hull.
- 16.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Aston Villa og WBA.
- 18.00 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
- 18.30 Coca Cola-mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðuð í þessum magnaða markabætti.
- 19.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Wigan og Tottenham.
- 20.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. Utd og Chelsea.
- 22.20 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðuð. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
- 23.15 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Arsenal og Bolton.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.45 Vörutorg
- 17.45 Rachael Ray Spjallbáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 18.30 The Bachelor (5:10) (e)
- ▶ 19.20 Survivor (14:16) Vinsælasta raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þeir að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndaríkri hönnun og frumleika. Nú þurfa hönnuðirnir að hanna svefnherbergi fyrir tíu viðskiptavinum. Þegar þeir eru hálfnaðir með verkefnið kemur ýmislegt óvænt upp á.
- 21.50 The Dead Zone (5:12) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónunum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny rannsakar hatursglæp sem sonur nýnasista játar á sig en kemst fljótt að því að þar er maður í mysunni og ekki allt sem sýnist.
- 22.40 Jay Leno Spjallbáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 CSI: New York (21:21) (e)
- 00.20 Vörutorg
- 01.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
- N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ATVINNUMENNIRNIR OKKAR

Auðunn Blöndal kynnist ótrúlegu lífi fremstu atvinnumanna landsins.

FYRSTI ÞÁTTUR ER Á FIMMTUDAG KL. 20 Á SPORT

FYRSTI ÞÁTTUR VERÐUR SÝNDUR SAMTÍMIS Á STÖÐ 2 Í KYNNINGARSKYNI.

Eiður Smári Guðjohnsen • Hermann Hreiðarsson • Grétar Rafn Steinsson
Guðjón Valur Sigurðsson • Logi Geirsson • Ólafur Stefánsson

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.35
How I Met Your Mother

How I Met Your Mother er talin sú gamanþáttaröð sem best hefur fyllt það skarð sem Friends skyldi eftir sig. Hér eru á ferðinni þættir sem eru myndir, ferskir og sneisafullir af rómantík. Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnst enn betur vininum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnst móður barnanna sinna og hver hún í raun er. Í síðasta þætti kom í ljós að Robin og Ted eru hætt saman, og hlutirnir fara að flækjast þegar þau fara að hitta nýtt fólk.



► **VIÐ MÆLUM MED**

The Simpsons
Stöð 2 kl. 19.45

Simpsons fjölskyldan hefur skemmt sjónvarpsáhorfendum í áratugi en alls hafa 19 þáttaraðir verið gerðar og engin önnur teiknimynda-sería verið jafn lengi í sýningu. Ævintýri fjölskyldunnar og nágretta hennar í Springfield virðast því engan endi ætla að taka. Í þættinum sem Stöð 2 sýnir í kvöld byðst Hómer til að gefa afa annað nýrað úr sér en fær svo bakpanka þegar hann uppgötvar að aðgerðin muni stofna hans eigin lífi í hættu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Músik og mas
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Æ, sálar tvær ég byrgi í brjósti mér
- 15.03 Útvarpsagan: Gæludýrin
- 15.30 Miðdegistónar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Auðlindin
- 18.23 Fréttayfirlit og veður
- 18.26 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Bláar nótur í bland
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Fimm fjórðu
- 23.00 Gatan mín
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (101:260)
- 16.30 Hollyoaks (102:260)
- 17.00 Seinfeld (18:24)
- 17.30 Ally McBeal (7:24)
- 18.15 The O.C. (4:27)
- 19.00 Hollyoaks (101:260)
- 19.30 Hollyoaks (102:260)

20.00 Seinfeld (18:24) Jerry Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

20.30 Ally McBeal (7:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

21.15 The O.C. (4:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið virðist leika við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

22.00 Men in Trees (13:19) Önnur þáttaröðin um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsliit.

22.45 Golden Globe 2009 - samantekt

- 00.05 Help Me Help You (12:13)
- 00.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Hrafnáþing í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Umræða um þing Framsóknarflokksins sem verður næstu helgi.

21.00 Ármann á Alþingi Ármann Kr. Ólafsson alþingismaður stýrir þætti um efnahagsmál.

21.30 Guðjón Bergmann í leit að lausnum með Guðjóni Bergmann.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.15 Hvor kragerne vender 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 Horisont 11.35 Aftenshowet 12.05 Aftenshowet 2. del 12.30 Søren og Søren 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.05 Family Guy 15.30 Braceface 15.55 Oggy og kakerlakkerne 16.00 Store Nord 16.30 Lille Nord 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Kender du typen? 19.30 Stemmer fra opgangen 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Beck - Pigen i jordkælderens 22.35 Livvagterne

NRK 1

10.00 NRK nyheter 10.05 Landsbylegane 10.30 Tinas mat 11.00 NRK nyheter 11.10 Den siste posituren 12.00 NRK nyheter 12.05 Berlin, Berlin 12.30 Vår aktive hjerte 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 Typisk norsk 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjerter 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Slepp grannane laus 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Dora utforskeren 17.25 Dykk Olli, dykk! 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsreyyen 18.30 Ut i naturen 19.25 Redaksjon E1 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsreyyen 21 20.30 Extra-trekning 20.40 Dei store krigarane 21.30 Ansikt til ansikt 22.00 Kveldsnytt 22.15 Dei tre musketerane 00.00 Avnen

SVT 1

11.00 Rapport 11.05 Öväntat besök 11.35 Inför Idrottsgalan 2009 11.45 Ola & Julia 14.10 Maggies nya liv 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Operan i hamn 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Mästarnas mästare 20.00 Andra Avenyn 20.45 The Station Agent 22.15 Kulturyheterna 22.30 De halvt döda 23.30 Dorn kallar oss artister 00.00 Sändningar från SVT24 05.00 Gomorron Sverige

Égils
Pykkni
í nýjum handhægum umbúðum

Nýjar umbúðir

Nú er gamla góða Egils Pykknið komið í nýjar, glæsilegar og handhægar umbúðir. Bjóddu þér og þínum upp á bragðgóðan djús. Úr 1 lítra fást 8 lítrar af blönduðum drykk.



„Maður er hættur að fara út að borða eftir að kreppan kom en leyfir sér einn og einn dýran kaffibolla í staðinn. Ég nefni því Café Hálta í Tryggvagötu og Kaffismiðjuna, Kárástíg 1. Þar eru miklir fagmenn sem segja manni hversu oft á að hræra í bollanum.“

Úlfur Eldjárn tónlistarmaður

Rúða brotin í bíl Sigmars Guðmundssonar

„Ef ég væri ekki væskill þá myndi ég berja fíflíð sem braust inn í bílinn minn um helgina,“ skrifar herskár Sigmar Guðmundsson sjónvarpsmaður á Facebook-síðu sína. Eitthvað var Kastljósstjarnan orðin rólegri í gær og sagðist Sigmar í samtali við Fréttablaðið ekki vilja tjá sig frekar um málið – þetta væri ekki neitt neitt. En eftir því sem blaðið kemst næst braut einhver vandali hliðarrúðu aftur í bifreið Sigmars og rótaði eitthvað í bílnum en engu var stolið. Þetta gerðist nú um helgina. Sigmar býr við Laugavegin og þar ríkir oft stríðsástand um helgar. Mun þetta ekki vera í fyrsta skipti sem Sigmar og fjölskylda verða fyrir því að bíll í þeirra eigu verður fyrir

hnjaski. Þannig hefur Þóra Tómasdóttir, kona Sigmars, einnig orðið fyrir svipuðu – að bíll hennar var skemmdur á átakasvæðinu. Ýmsir urðu til að leggja orð í belg á Facebook-síðu Simma: Tónlistarmaðurinn Hjörtur Howser býður fram aðstoð sína við að lumbra á viðkomandi skemmdarvargi, einn bendir Simma á að setja sig í samband við Arnar Grant og athuga hvort þetta hafi nokkuð verið stæði hans en Stefán Pálsson kommunisti bendir á að eign sé glæpur. - jbg

SIGMAR GUÐMUNDSSON býr við Laugavegin þar sem oft ríkir stríðsástand um helgar og vandalar vaða uppi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. sinni, 6. í röð, 8. laus greinir, 9. erlendis, 11. mun, 12. kál, 14. afspurn, 16. tónlistarmaður, 17. traust, 18. for, 20. hreyfing, 21. íþróttafélag.

LÓÐRÉTT
1. krukka, 3. skammstöfufn, 4. fitlari, 5. svelg, 7. baukur, 10. angan, 13. sigað, 15. fiskur, 16. kóf, 19. guð.

LAUSN
kaf, 19. ra. staukur, 10. ilm, 13. at, 15. lúða, 16. 1. krús, 3. eh, 4. fiktari, 5. íu, 7. 2. sefi, 6. rs, 8. hið, 9. úti, 11. ku, 12.

LÓÐRÉTT:
aur, 20. íð, 21. fram. salaf, 14. umtal, 16. kk, 17. trú, 18.

VEISTU SVARID

- Svör við spurningum á síðu 8.
1. Á Klörubar á Kanaríeyjum.
 2. HB Grandi.
 3. Yrsu Sigurðardóttur.

Auglýsingasími
512 50 50

BUBBI MORTHENS: ALDREI VERIÐ GRUNNT Á ÞVI GÓÐA MILLI OKKAR BÓS

Turnarnir Bó og Bubbi sameinast á stórsýningu

„Hvaðan hefurðu þetta? Jú, þetta hefur verið í umræðunni. En það er ekki búið að fastnegla þetta,“ segir Bubbi Morthens.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Björgvin Halldórsson og Bubbi Morthens séu að undirbúa stórsýningu í Laugardalshöll. Ráð er fyrir gert að hún verði með Vegas-ívaði, lítil hljómsveit en tekið sé mið af því sem Frank Sinatra, Dean Martin og félagar voru að gera um miðja síðustu öld: Syngja lög hver annars og spjalla við áhorfendur. Ráð er fyrir gert að sýningin verði frumsýnd í haust eða um miðjan september. Síðan ræður eftirspurn hversu lengi sýningin verður keyrð. Varla þarf að efast um að íslenskir dægurlagaunnendur muni taka þessum tíðindum opnum örmum – hér er um að ræða tvo dádustu tónlistarmenn þjóðarinnar.

„Þú veist þá meira en ég. Segðu mér meira,“ segir Bó að hætti hússins þegar þetta er borið undir hann. „Já, já, ég neita því ekki að þessi hugmynd hefur komið upp. Við höfum verið að henda þessari hugmynd á milli okkar. Þetta gæti orðið spennandi og allt í lagi að gera fína tónleika saman en fyrst verður að koma á daginn hvað við getum brallað saman,“ segir Bó.

Poppsögusérfræðingar staldra gjarnan við lagið Rækjureggi þar sem Bubbi söng á sínum tíma: „Ég er löggiltur hálfviti, hlusta á HLH og Brimkló.“ Og hafa til marks um það þegar kynslóðum laust saman snemma á níunda áratug



BUBBI OG BÓ VINNA AÐ SAMEIGINLEGRI SÝNINGU Í HÖLLINI

Stórtíðindi hljóta það að teljast í íslensku tónlistarlífi að þessir tveir ástsælustu tónlistarmenn landsins vinni nú að því að setja upp sýningu saman. Ráðgert er að sýningin verði með Vegas-ívaði og þeir félagar syngi öll sín þekktustu lög og spjalli við áhorfendur þess á milli. Stefnt er að frumsýningu í september.

síðustu aldar. Sjálfir hafa Bubbi og Bó aldrei viljað gera mikið úr meintum ágreiningi þeirra á milli og hafa komið fram saman. Bó hefur spilað á munnhórpu með Bubba og sungið með honum á tónleikum. „Já, já, það er eitt og annað. Svo komum við saman þegar ég setti saman big-band sem kom fram í einhverri frægustu afmælisveislu síðari ára. Og

við létum Elton John hita upp fyrir okkur,“ segir Bó – og er þar að vísa til fimmtugsafmælis Ólafs Ólafssonar sem kenndur er við Samskip. Og Bubbi svarar spurningunni hvort ekki hafi oft verið grunnt á því góða milli Bé-anna tveggja snaggaralega: „Nei! Ekki aldeilis. Það er „tótal ríspekt“ fyrir Bó af minni hálfu.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI


Ari Matthíasson, fráfarandi framkvæmdastjóri SÁÁ, ætlar að láta til sín taka að nýju í leikhúsinu. Ari er menntaður leikari en með meistaraþrófsgráðu í viðskiptum og stjórnum. Hann er nú að undirbúa uppsetningu á farsanum Við borgum ekki eftir Darío Fó. Nýja Ísland heitir fyrirtæki Ara sem setur verkið upp í samvinnu við Borgarleikhúsið þar sem frumsýna á í maí. Leikstjóri er Edduhafinn Þröstur Leó Gunnarsson en sjálfur hyggst Ari leika í verkinu ásamt **Ilmi Kristjánsdóttur**, Prúði Vilhjálmsdóttur og Jóhanni G. Jóhannssyni. Þá mun vera í sigtínu stórstjarna í íslenskum gamanleik en ekki er búið að ganga frá ráðningu hennar.



Fréttablaðið greindi á dögunum frá átökum STEFS og Gay Pride en STEF taldi einsýnt að af Gleðigöngunni og öllu húllumhæinu í tengslum við hana bæri að greiða STEF-gjöld. Markaðs- og innheimtustjórninn Gunnar Stefánsson sótti málið nokkuð og vildi á aðra milljón. **Þorvaldur Kristinsson**, forseti Hinsegin daga, taldi það af og frá. Nú hefur málið verið látið niður falla þannig að Gleðigöngumenn þurfa ekki að reiða fram féð.



- jbg



Gunnar Helgason

„Ég er stoltur SÍBS vinur“

Veldu þér vinanúmer í síma 552 2150 eða á sibs.is

Drögum á morgun



Svaf hjá 27 íslenskum karlmönnum á þremur vikum

„Þriðja október árið 1999 fór ég til eins afskekktasta staðar á jörðinni... Reykjavíkur, Íslands! Ástæðan fyrir ferðinni var að mig langaði til að sjá Bláa lónið með mínum eigin augum (ég hafði lesið um það í Wallpaper). Og til að sofa hjá eins mörgum strákum og ég gat. Ef 27 strákar á minna en þremur vikum er ekki mikið, þá veit ég ekki hvað er mikið. Hahaha! Bara að grínast. Nei, reyndar, ég er ekki að grínast. LOL.“

Svona hefst upprifjun filippseyska bloggans Bryanboys um ferð sína til Íslands. Bloggfærslan hefur vakið mikla athygli í íslenska hommaheiminum því Bryanboy birtir nöfn og myndir af nokkrum þeirra íslensku strákum sem hann átti nán kynni við. Lýsingar hans eru bersóglar í meira lagi og ekkert dregið undan.

Foreldrar Bryanboys eru milljónamæringar í Maníla og hann var ekki nema sextán ára þegar hann kom hingað. Bryanboy blogg-ar aðallega um tísku og er eins

konar Perez Hilton Asíu. Hann er gríðarlega vinsæll, fær tvö hundruð þúsund heimsóknir á dag og um hann hefur verið fjallað í öllum helstu tískutímaritum heimsins.

Ferðasagan fær góðan endi þegar Bryanboy kemst loksins í Bláa lónið. „Ég kynntist enn öðrum strák (man ekki hvað hann heitir), við hégum og sváfum saman,“ skrifar hann. „Hann var að læra flug. Hann átti bíl og bjó nálægt Bláa lóninu. Hann sagðist myndu fara með mig þangað. Og hvað gerði ég? Ég hringdi í vin minn og bauð honum með. Við fórum allir þrír og það var æðislegt. Ég efast um þeir hafi vitað að ég var búinn að sofa hjá þeim báðum. Djö, ég hefði átt að stinga upp á trekanti! Ég er að segja ykkur það... Ég er svoooooo á leiðinni til helvítis fyrir syndir mínar.“ - drg

KOMST Í BLÁA LÓNID Skrif tískubloggans Bryanboys um Íslandsheimsókn sína hafa vakið mikla athygli.



Nám í kerfisstjórnun MCITP + Exchange 2007



Tölvuskólinn iSoft-Pekking mun aftur á vorönn 2009 bjóða upp á námsbraut í Microsoft Server 2008 umhverfinu ásamt rekstri á Microsoft Exchange 2007 póstpjónum.

Nemendur útskrifast með tvær prófgráður – annars vegar MCITP - Server Administrator 2008 og hins vegar MCTS - Exchange 2007.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir um rekstur á:

- ➔ Netþjónum í Microsoft Windows Server umhverfi
- ➔ Póstpjónum í Microsoft Exchange umhverfi

Kennt er tvö kvöld í viku og einn laugardag í mánuði frá byrjun febrúar og fram til loka maí 2009.

FJARKENNSLA

Bjóðum uppá nokkur sæti í fjarkennslu á þessari námsbraut

Allir kennarar námsins eru starfandi sérfræðingar í netstjórnun og hafa mikla reynslu í kennslu á sviði upplýsingatækni ásamt tilheyrandi kennslugráðum.

Bjóðum einnig upp á nám í:

- ➔ Kerfisstjórnun- grunnnám
- ➔ Rekstri á Microsoft SQL 2008 gagnagrunnum
- ➔ Forritun í .NET 3.5 umhverfinu
- ➔ Cisco netbúnaði til undirbúnings CCNA gráðunni
- ➔ Microsoft Office Sharepoint 2007
- ➔ Microsoft CRM 4.0
- ➔ Microsoft System Center Configuration Manager
- ➔ Microsoft Exchange 2007

Stök forrit	St.fj	Verð
Dreamweaver	26	29.000,-
Excel frh. (Stjórn og skipulag)	14	24.000,-
Excel grunnur	21	24.000,-
Flash	21	24.000,-
Illustrator	37	44.000,-
Office 2007 kynning	5	7.900,-
Outlook	10	15.000,-
Photoshop – grunnur	21	24.000,-
PowerPoint	10	15.000,-
Stafrænar myndavélar	14	15.000,-
Word ritvinnsla	21	24.000,-



PROMETRIC



Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN
isoft-pekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttur

Olíulausa landið

Loft mér að segja þér hvers vegna Lokkur Ísraelsmönnum er í nöp við Móses. Það tók hann fjórutíu ár að leiða okkur í gegnum eyðimörkina að þessum eina bletti Mið-Austurlanda þar sem olíu er hvergi að finna. “Þetta á Golda Meir, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, að hafa sagt í kvöldverðarboði með Willy Brandt, þáverandi utanríkisráðherra lands þar sem skömmu áður hafði verið unnið að útrýmingu þjóðar hennar. Í orðum hennar má þó ekki greina annað en gamansemi til leiðtoga Þjóðverja og ást til Ísraels, þar sem hún vonaði að þjóð hennar finndi frið.

ENN ríkir ófriður á þessum litla og olíulausa bletti. Átökin sem geisa um þessar mundir verða svo til þess að flestir eru sannfærðir um að aldrei muni ríkja friður á svæðinu. Sadat, fyrrverandi forseti Egyptalands, minntist Goldu Meir hlýlega þegar hún lést 1978, sagði hana hafa verið heiðarlegan andstæðing. Einnhvern veginn grunar mig að leiðtogar þessara ríkja myndu ekki hafa slík ummæli um hvor annan nú. Friður virðist í órafjarlægð.


EFTIR að hafa fylgst með stöðugum fréttum af harmleiknum er skiljanlegt að miklar umræður fari fram í veröldinni. Einnhvern veginn þykir mér þó útséð með að slíkar umræður skili nokkru á meðan stuðningsmenn Ísraels kjósa helst að hengja sig í hártoganir um hvaða hugtök eigi að nota um illskuna, hvort rangt sé að nota orðið helför um morðin á svæðinu, í raun sé bara um slátrun að ræða og eðlilegan fórnarkostnað. Slíkt þvaður hefur áður valdið vandræðum svo sem þegar Sameinuðu þjóðirnar brugðust ekki við ástandinu í Darfúr þar sem það vantaði á tölfræðina til að hægt væri að kalla ódæðisverkin þar þjóðarmorð.

HIN hliðin á forheimskunni er svo sífelldar yfirlýsingar um að fólk sé hætt að hafa samúð með gyðingum, það ætli barasta að hlæja næst þegar það sér Lista Schindlers eða Píanistann. Það þarf ekki að leita langt aftur í sögubókum til að sjá að stjórnvöld, jafnvel friðsömu Norðurlandþjóðirnar, komu almennt viðurstygilega fram við þessa þjóð. Atburðir nútímans gera hörmungar fortíðarinnar aldrei léttbæri.

Í hugtakahártogunum og sagnfræðiuppþrífjunum gleymist aðalatriði þó oft í kraðaki orðagjálfrurs og áróðursbragða – það er verið að myrða fólk.

Leiðrétting

Fyrir mistök voru Bakþankar Þórhildar Elínar Elínardóttur í gær eignaðir Gerði Kristnýju Guðjónsdóttur. Beðist er velvirðingar á þessu.



GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 13. janúar, 13. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.59	13.36	16.15
Akureyri	11.06	13.21	15.37

Heimild: Almanak Háskólans

NOTAÐIR BÍLAR Á SPOTTÞRÍS BÍLAOUTLET

KORPUTORGI

Vel yfir
300 bílar
Einstakt
verð!

ÚTSALA GERÐU EINSTÖK KAUP

Fólksbílar Jeppar Sendiferðabílar Litlir bílar Stórir bílar Jepplingar Smábílar

40%

af notuðum bílum
...og jafnvel meira!

Kíktu til okkar í dag!

11-19 virka daga

Korputorgi. Opið: mán-fös kl. 11-19, lau kl. 10-18, sun kl. 12-18



BÍLAOUTLET